

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 1. mars 2018 - R18020219

	Fundargerðir:	
R18010025	Fundargerð stjórnar samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 12. febrúar 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar
	Annað:	
R17090252	Bréf íbúa við Furugerði og Espigerði, dags. 4.2.'18, til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R18010072	Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar desember 2017 og janúar 2018	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R15020150	Erindi eignarhaldsfélags brunabótafélags Íslands, dags. 21. febrúar 2018, varðandi styrktarsjóð vegna sérstakra framfaraverkefna á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðsla- og menningarmálum.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til kynningar.
R14080076	Erindi Reynis Kristinssonar, dags. 26. september 2017, varðandi ofanflóðahættumat á Kjalarnesi.	Sent skipulagsfulltrúa til afgreiðslu.
R14050162	Erindi íbúa, frá því í febrúar 2018, varðandi fallhættu við flóttaleið Gullhamra.	Sent byggingarfulltrúa til afgreiðslu.
R18020232	Umsagnarbeiðni frá nefndarsviði alþingis, dags. 26. febrúar 2018, varðandi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18020321	Umsagnarbeiðni frá nefndarsviði alþingis, dags. 26. febrúar 2018, varðandi þingsályktunar um bættu stjórnsýslu í umgengismálum, 90. mál.	Sent Barnavernd Reyjavíkur til umsagnar.
R17060129	Erindi Bjargar Kristínar Sigþórsdóttur, dags. 19. febrúar 2018, varðandi framkvæmdir við Rauðagerði.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R18020264	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. febrúar 2018, um ráðstefnu um jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra 11.-13. júní nk.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18100060	Könnun sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2018, vegna gatnagerðargjalda.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R18020105	Umsögn mannréttindaskrifstofu um frumvarp til laga um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis) - 34. mál	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17050020	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum - umsögn USK-	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.

R17100373	Skil verkefnahóps um að auka rafrænar póstsendingar hjá Reykjavíkurborg	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18020085	Erinsi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. febrúar 2018, varðandi starfshóp um raforkuútflutning í dreifbýli.	Sent Orkuveitu Reykjavíkur til meðferðar.
R16060065	Bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 24. febrúar 2018, vegna afturköllun á úthlutun lóðar og sölu eignarlóðar við Engjateig 7A.	Sent Borgarlögmanni til yfirferðar.
R18020265	Bréf menntamálastofnunar, dags. 28. febrúar 2018, varðandi skipan í fagrað eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010060	Erindi samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2018, varðandi breytingar á mannvikjalögum.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.



STJÓRN SSH 454. fundur

Mánudaginn 12. febrúar 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson.

Fjarverandi: Ásgerður Halldórsdóttir og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Ennfremur sátu fundinn undir 2. og 3. máli Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Smári Ólafsson umferðarverkfræðingur frá VSÓ.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Málafni skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins /málsnr. 1501005

a) Kynning á tillögum samstarfsnefndar skíðasvæðanna um framtíðarsýn á starfsemi og uppbyggingu skíðasvæðanna.

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlíð Eva Einarsdóttir formaður samstarfsnefndar skíðasvæðanna, Björg Fenger stjórnarmaður í samstarfsnefndinni, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Kynnt voru meginatriði úr “Framtíðarsýn til 2030”, drögum að stefnumótun um uppbyggingu og framtíðarsýn fyrir rekstur skíðasvæðanna sem er í vinnslu á vegum stýrihóps samstarfsnefndar skíðasvæðanna.

Í samstarfssamningi sveitarfélaganna frá 7. nóvember 2016 er stjórn SSH falið hlutverk eigendavettvangs skíðasvæðanna sem skal árlega fjalla um rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna, sem og önnur mál er varða stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem ekki er mætt í rekstrar- og framkvæmdaáætlunum. Eigendavettvangurinn mótar endanlegar tillögum um framangreint til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH fagnar þeim hugmyndum, ábendingum og tillögum stýrihópsins sem kynntar voru og telur rétt að þær verði teknar til áframhaldandi skoðunar og mótnar á endanlegum tillögum um langtímauppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.



Í grein 4.2 í samningi sveitarfélaganna frá 7. nóvember 2016 er sérstaklega fjallað um undirbúning vegna snjóframleiðslu og ákvarðanatöku þar um, þegar niðurstöður áhættugreiningar vegna vatnsverndar liggja fyrir.

Upplýst var á fundinum að niðurstöðu úr áhættugreiningunni sé að vænta á næstu dögum.

Í ljósi þessa og með vísun í hlutverk eigendavettvangs skíðasvæðanna felur stjórn formanni og framkvæmdastjóra SSH að undirbúa fyrir næsta stjórnarfund tillögu að skipun og erindisbréfi fyrir sérstakan starfshóps til að móta tillögur að næstu skrefum í máli.

Jafnframt var samþykkt að kynna þau drög sem farið var yfir á fundinum fyrir borgarráði og bæjarráðum aðildarsveitarfélaganna sem fyrst.

b) Ályktun um úrbætur á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins – Opið bréf 7. febrúar 2015

Fyrir fundinum lá ályktun um ofangreint málefni, undirritað af formönnum 8 skíðafélaga og skíðadeilda á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SSH vísar til framangreindrar bókunar sbr. a) lið hér að ofan, og felur formanni samstarfsnefndar um rekstur skíðasvæðanna að kynna framangreinda framtíðarsýn fyrir bréfiturum við fyrsta tækifæri.

2. Hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1608001

Á fundinn mættu Kristinn Jón Eysteinnsson og Katrín Halldórsdóttir, fulltrúar hjólreiðahóps SSH og Vegagerðarinnar og gerðu grein fyrir niðurstöðum og tillögum hópsins. Lokaskýrsla hópsins er í vinnslu og verður tilbúinn innan fárra daga.

Vinna hópsins er grundvölluð á ákvæði í samkomulagi SSH og Vegagerðarinnar frá 15. apríl 2015, og niðurstöðum og ábendingum sérstaks málþings um hjólreiðar sem haldið var á vegum Kópavogsbæjar í maí 2016.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH fagnar fram kominni vinnu hópsins og telur eðlilegt að gerðar verði á henni lagfæringar í ljósi umræðna á fundinum og að hún verði síðan send sem lokadrög, aðildarsveitarfélögunum til umsagnar, áður en endanlega verður gengið frá henni sem lokaskjali inn í sameiginlegar niðurstöður verkefna í framangreindu samkomulagi SSH og Vegagerðarinnar.

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1510005

Smári Ólafsson og Hrafnkell Á. Proppé gerðu grein fyrir tillögum stýrihóps SSH, Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins um mat á nauðsynlegum aðgerðum og framkvæmdum til ársins 2030 til úrbóta á stofnvegakerfi innan þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu og samspili þeirra aðgerða við undirbúning og væntanlegar framkvæmdir við innleiðingu og uppbyggingu Borgarlínu.

Umræður

Niðurstaða:

Í samræmi við hlutverk hópsins mun hann skila formlegri niðurstöðu og tillögum til samgönguráðherra í þessum mánuði, og á grundvelli þeirra skila þurfa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að knýja á um að tekið verði tillit til þeirra við mótun samgönguáætlunar og fjármálaáætlunar ríkissjóðs.



4. Erindi sýslumanns höfuðborgarsvæðisins um fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 2018

Fyrir lá tölvupóstur sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna ofangreinds frá 30.01.2018.


Stjórn SSH getur ekki fallist á né lagt til við sveitarfélögin að einungis einn kjörstaður verði í boði. Borgarstjóri upplýsti og áréttaði að af hálfu Reykjavíkurborgar væri í boði aðstaða í Ráðhúsi Reykjavíkur vegna þessa.

5. Uppgjör sveitarfélaganna við Lífeyrissjóðinn Brú vegna skuldbindinga A hluta lífeyrissjóða starfsmanna sveitarfélaga /málsnr. 1801001

Í ljósi þess að enn virðist ekki að fullu lokið vinnu við yfirferð og útreikninga á framlögum sveitarfélaganna og útfærslu á fjármögnun á uppgjöri, þá óskar stjórn SSH þess að veittur verði greiðslufrestur á greiðslum sveitarfélaganna vegna uppgjorsins til loka febrúarmánaðar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:15

Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
b.t. Hrólfs Jónssonar, skrifstofustjóra
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Reykjavík 4. febrúar 2018.

Efni: Bréfs Hrólfs Jónssonar skrifstofustjóra 16. janúar 2018.

Í bréfnu kemur fram að með auglýstu aðalskipulagi 2010 - 2030 hafi komið fram að lóðin Furugerði 23 verði nýtt sem íbúðarhúsaloð. Fyrirhugaðar breytingar séu þannig í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkurborgar.

Að mati íbúa er með framangreindu verið að veita íbúum í besta falli ónákvæmar en í versta falli villandi upplýsingar. Það er rétt sem fram kemur að umrædd lóð hefur frá árinu 2010 verið á skilgeindu íbúðarsvæði (ÍB33).

Aðgerðarhópurinn bendir á hinn bóginn sérstaklega á að samkvæmt þeim gögnum sem aflað var hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar í nóvember 2017 og dagsett eru 30. október 2017 segir orðrétt: “Lóðin við Furugerði 23 er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2013 á skilgeindu íbúðarsvæði (ÍB33). Þar kemur fram „*Svæðið er að mestu fullbyggt og fastmótað. Möguleiki er á lítills háttar þéttingu íbúðarbyggðar (4 – 6 íbúðir) við Furugerði, næst Bústaðaveg (gróðrastöðin Grænahlíð).*“ (Feitletrun undirritaðrar).

Í fyrrnefndum gögnum kemur fram að fyrirliggjandi tillaga Arkís arkitekta ehf. geri ráð fyrir 35 íbúðum á tveimur til þremur hæðum á tveimur lóðum sem báðar tilheyra Furugerði 23. Í hinum nýju íbúðum er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfalli verði 1,1 en þær íbúðir sem fyrir eru hafa nýtingarhlutfallið 0,6. Þá kemur fram að árið 2006 hafi fyrirspurn um fjölbýlishús á lóðinni verið svarað neikvætt, meðal annars þar sem ekki hafi verið mögulegt að koma fyrir íbúðarbyggingu á þessari lóð.

Íbúar við Furugerði og Espigerði mótmæla harðlega áformum Reykjavíkurborgar um stóraukið nýtingarhlutfall lóðarinnar frá því sem gert er ráð fyrir í fyrrnefndu aðalskipulagi borgarinnar.

Í þessu sambandi vilja íbúar benda á eftirfarandi:

Þó að lóðin Furugerði 23 hafi verið skilgreind íbúðarsvæði frá 2010 hefur þar verið miðað við **4 – 6 íbúðir** en ekki **35 íbúðir, eða sex sinnum fleiri íbúðir**, með óupplýstum fjölda íbúa. Það er því ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að **fyrirhugaðar breytingar** séu í eðlilegu samræmi við það aðalskipulag sem tiltekur „lítills háttar þéttingu íbúðarbyggðar“.

Í bréfi þínu segir að samkomulag sem gert hafi verið við núverandi lóðarhafa sé með öllum fyrirvörum um að deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt. Þetta samkomulag hafi engin áhrif

á verkferla. Í bréfi þínu segir orðrétt: „Heldur tengist það eingöngu áætlunum um innviðaupbyggingu og mögulega félagslega blöndun borgarinnar komi til þess að nýtt deiliskupulag fyrir lóðina verði samþykkt.“


Tilvitnuð setning þín að ofan gefur íbúum Furugerðis og Espigerðis tilefni til að beina eftirgreindum spurningum til skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og eftir atvikum til borgarráðs eða skipulagsfulltrúa, sem fá afrit af bréfi þessu:

1. Hvaða **fyrirvara** er verið vísa til varðandi það að deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt? Af efni 2. mgr. 1. gr. samnings við lóðarhafa verður ekki annað ráðið að Reykjavíkurborg hafi skuldbundið sig til að breyta deiliskipulagi lóðarinnar til að tryggja þau marmkið sem að er stefnt með samningsgerðinni.
2. Hvaða **verkferla** er verið að vísa til í bréfi þínu?
3. Hvað er **nákvæmlega** átt við með uppbyggingu innviða? Er átt við nýja eða stækkaða leikskóla eða skóla, breikkun gatna, breytta aðkomu að fyrirhugaðri uppbyggingu á lóðinni Furugerði 23, ný græn svæði á móti þeim svæðum sem ráðgert er að taka undir íbúðarbyggð eða annað?
4. Hvaða áætlanir um innviðaupbyggingu liggja **nú þegar** fyrir?
5. Hvernig samræmist stóraukið nýtingarhlutfall lóðarinnar að Furugerði 23 þeirri stefnu borgarinnar sem kemur fram í nýloknum breytingum á Grensásásvegi til þrengingar fyrir aðra en þá vegfarendur sem ferðast um á reiðhjóli?
6. Bæði í Furugerði og Espigerði eru fjölbýlishús. Þar af eru íbúðir fyrir eldri borgara að Furugerði 1 með ýmis konar tilheyrandi þjónustu. Til að auka enn frekar á félagslegan fjölbreytileika svæðisins eru sex einbýlishús við Furugerði en í sumum þeirra búa fleiri en ein fjölskylda. Í ljósi þess er spurt hvað átt er við með „mögulega félagslega blöndun borgarinnar“ í því tilviki sem hér um ræðir?
7. Er vinna við við nýtt deiliskipulag hafið?

Íbúar Furugerðis og Espigerðis lýsa miklum vonbrigðum með áform Reykjavíkurborgar. Þau viðhorf sem lýst er í samningi Reykjavíkurborgar og lóðarhafa 27. nóvember 2017 benda til þess að þeir sem mótað hafa tillögu um gríðarlega uppbyggingu á lóðinni Furugerði 23 hafi ekki kynnt sér að eigin raun aðstæður á staðnum og áhrif áformaðrar uppbyggingar á umhverfið og líffsgæði íbúanna.

Svar óskast svo fljótt og auðið er og eigi síðar en 1. mars nk.

Fyrir hönd aðgerðarhóps íbúa við Furugerði og Espigerði


Lára Áslaug Sverrisdóttir

Afrit sent:
Borgarráð
Skipulagsfulltrúi



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Málsnr.: R/80/0072
Skjalasafn Ráðhuss

14. feb. 2018

Bréfalykill: 5252

Reykjavík, 2. febrúar 2018
R18010001


Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lágstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar í desember 2017 / janúar 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Reykjavíkurborg - Endurskoðunarþjónusta. Reikningsár 2018 - 2022	Grant Thornton endurskoðun ehf	270.542.859	Samn. / samn.lok út reikn.árið 2022	EES Útboð	Innkauparáð Borgarráð Borgarstjórn

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Kópavogi, 21. febrúar 2018.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2018.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarpáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlagna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til aprílloka.

Vil ég vekja sérstaka athygli á því að stjórn EBÍ hefur samþykkt tvær breytingar á reglum. Nú er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.


Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Umsóknarfresturinn er eins og fyrr segir til aprílloka.


Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa Anna Sigurðardóttir og Þuríður Dan Jónsdóttir. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS


Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri.

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík



Reykjavík 26. september 2017

Ofanflóðahættumat á Kjalarnesi

Ágæta Umhverfis- og skipulagsráð

Undirritaður býr á Völlum á Kjalarnesi sem er lögbýli og hefur verið bújörð frá því fyrir fyrsta manntal 1703.

Við höfum fengið samþykki fyrir því að vinna deiliskipulag á 1/3 hluta jarðarinnar Valla sem er í eign tengdra aðila.

Ein af þeim kröfum sem gerðar eru er að gert verði ofanflóðahættumat fyrir Kistufellið sem er að um helmingshluta í eigu jarðeigenda Valla og hinsvegar jarðeigenda Norðurgrafar sem er í eigu Reykjavíkurborgar og Bahásafnaðarins.

Umhverfisráðherra óskaði eftir því við Veðurstofuna síðasta vetur að framkvæmt yrði hættumat á Esjuhlíðum eftir dauðsfall ungs manns í snjófloði í Grafardal.

Samkvæmt upplýsingum Veðurstofunnar verður ekki farið í slíkt mat.

Hættumatsnefnd Reykjavíkur lét Veðurstofu Íslands vinna fyrir sig Ofanflóðahættumat fyrir Kerhóla á Kjalarnesi 2010 og Hættumat vegna ofanflóða fyrir Kjalarnes 2014 og nær það yfir svæðið frá Skrauthólum að Stekk.

Það er ósk okkar að Reykjavíkurborg fái Veðurstofuna til að klára mat á Esjuhlíðum/Kistufelli sem er austan Mógilsár á sömu forsendum og gert var fyrir vesturhlíðar Esjunnar þannig að hægt sé að vinna deiliskipulag á þessu svæði.

Veðurstofan hefur þegar unnið megnið af þessari vinnu en kallar eftir því hver sé verkkaupi að henni og teljum við eðlilegst að borgin sjái um þetta eins og áður.

Með vinsemd og virðingu,
Reynir Kristinsson
Völlum
116 Reykjavík

Bjarni Þóroddsson

Frá: Helga Björk Laxdal
Sent: mánudagur, 26. febrúar 2018 09:39
Til: Borgarráðsgögn
Efni: FS: Ofanflóðahættumat fyrir hlíðar Esju og Kistufells

Flokkar: Appelsínugulur flokkur

Skjala þetta og setja á lista merkt til afgreiðslu hjá umhverfis- og skipulagssviði

Helga Björk Laxdal.
Skrifstofustjóri borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík
sími: 411-4700
tölvupóstfang: helga.laxdal@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

From: Reynir Kristinsson [<mailto:reynir@bifrost.is>]
Sent: 25. febrúar 2018 19:00
To: USK Þjónustu netfang; dagur.eggertsson@reykjavik.is
Afrit: Ólöf Örvarsdóttir; Hjálmar Sveinsson; Helga Björk Laxdal; Magnea Guðmundsdóttir; Áslaug María Friðriksdóttir; Halldór Halldórsson
Subject: Re: Ofanflóðahættumat fyrir hlíðar Esju og Kistufells

Heil og sæl

Ekki hefur mér enn borist svar við þessu erindi.
Ég hélt reyndar og það væru einhverjar reglur um svörun fyrirspurna!

Má ég eiga von á svari?

Með vinsemd og virðingu,
Reynir Kristinsson, Völlum

From: Reynir Kristinsson <reynir@bifrost.is>
Date: Tuesday 2 January 2018 12:04
To: "usk@reykjavik.is" <usk@reykjavik.is>
Cc: "olof.orvarsdottir@reykjavik.is" <olof.orvarsdottir@reykjavik.is>, "hjalmar.sveinsson@reykjavik.is" <hjalmar.sveinsson@reykjavik.is>, "helga.laxdal@reykjavik.is" <helga.laxdal@reykjavik.is>, "magnea@gmail.com" <magnea@gmail.com>, "aslaug.maria.fridriksdottir@reykjavik.is" <aslaug.maria.fridriksdottir@reykjavik.is>, Halldór Halldórsson <halldorh@reykjavik.is>
Subject: FW: Ofanflóðahættumat fyrir hlíðar Esju og Kistufells

Heil og sæl og gleðilegt árið 2018

Svarið við síðasta pósti mínum hefur eitthvað misfarist og því langar mig að biðja ykkur um að upplýsa mig um gang mála.

Með vinsemd og virðingu,
Reynir Kristinsson

From: Reynir Kristinsson <reynir@bifrost.is>

Date: Sunday 26 November 2017 09:40

To: "usk@reykjavik.is" <usk@reykjavik.is>

Cc: "olof.orvarsdottir@reykjavik.is" <olof.orvarsdottir@reykjavik.is>, "hjalmar.sveinsson@reykjavik.is" <hjalmar.sveinsson@reykjavik.is>, "helga.laxdal@reykjavik.is" <helga.laxdal@reykjavik.is>, "magnea@gmail.com" <magnea@gmail.com>, Halldór Halldórsson <halldorh@reykjavik.is>, "aslaug.maria.fridriksdottir@reykjavik.is" <aslaug.maria.fridriksdottir@reykjavik.is>

Subject: FW: Ofanflóðahættumat fyrir hlíðar Esju og Kistufells

Heil og sæl

Nú þegar tveir mánuðir eru frá því að ég sendi Umhverfis- og skipulagsráði meðfylgjandi erindi langar mig að forvitnast um meðferð málsins þar sem ég hef ekkert heyrt af því.

Með vinsemd og virðingu,
Reynir Kristinsson
Völlum, Kjalarnesi

From: Reynir Kristinsson <reynir@norehf.is>

Date: Tuesday 26 September 2017 12:33

To: <usk@reykjavik.is>

Cc: <olof.orvarsdottir@reykjavik.is>, <hjalmar.sveinsson@reykjavik.is>, <helga.laxdal@reykjavik.is>

Subject: Ofanflóðahættumat fyrir hlíðar Esju og Kistufells

Meðfylgjandi er bréf til Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar þar sem undirritaður finnur ekki Hættumatsnefnd Reykjavíkur sem var til a.m.k árið 2014.

Með vinsemd og virðingu,
Reynir Kristinsson
Völlum
Kjalarnesi

Bjarni Þóroddsson

Frá: Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>
Sent: föstudagur, 23. febrúar 2018 14:11
Til: Sabine Leskopf; Helga Björk Laxdal; Olga Hrund Sverrisdóttir; Robert Pajdak; Örn Sigurðsson; Árný Sigurðardóttir
Efni: Um 5 metra fallhætta við flóttaleið Gullhamra.
Viðhengi: fall.jpg

Góðan dag.

Það er búið að saga niður innri vegginn við flóttaleiðina suð austan megin og mikil fallhætta! Ég tók ekki eftir þessu fyrr en í dag eftir að nágranni minn benti mér á það.

Ef flóttaleið væri notuð þá er ekkert sem myndi hindra fólk í að hrapa niður af pallinum. Ég skil ekki hvernig þetta stenst neinar kröfur.

Það er engin viðvörðun og ekkert afgirt en þarna var haldinn viðburður ungmenna í gær við þessar aðstæður!!! Ég vona að viðburðir verði stoppaðir þar til búið er að afstýra slysi.

Þarna var a.m.k. einn drengur af skólaballinu í gær að þvælast í kringum miðnætti.

Vinsamlegast látið girða þetta af til að koma í veg fyrir stórslys.

Virðingarfyllst

Berglind K. Þórsteinsdóttir
Grænlandsleið 19



Bjarni Þóroddsson

Frá: Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>
Sent: föstudagur, 23. febrúar 2018 14:28
Til: Sabine Leskopf; Helga Björk Laxdal; Olga Hrund Sverrisdóttir; Robert Pajdak; Örn Sigurðsson; Árný Sigurðardóttir
Efni: Re: Um 5 metra fallhætta við flóttaleið Gullhamra.
Viðhengi: f.jpg

Mig langar að benda á hættuna með því að senda mynd af þessum aðila sem var klifra þarna í gær á meðan viðburðurinn var.

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:11 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>:
Góðan dag.

Það er búið að saga niður innri vegginn við flóttaleiðina suð austan megin og mikil fallhætta! Ég tók ekki eftir þessu fyrr en í dag eftir að nágrenni minn benti mér á það.

Ef flóttaleið væri notuð þá er ekkert sem myndi hindra fólk í að hropa niður af pallinum. Ég skil ekki hvernig þetta stenst neinar kröfur.


Það er engin viðvörðun og ekkert afgirt en þarna var haldinn viðburður ungmenna í gær við þessar aðstæður!!! Ég vona að viðburðir verði stoppaðir þar til búið er að afstýra slysi.

Þarna var a.m.k. einn drengur af skólaballinu í gær að þvælast í kringum miðnætti.

Vinsamlegast látið girða þetta af til að koma í veg fyrir stórslys.

Virðingarfyllt

Berglind K. Þórsteinsdóttir
Grænlandsleið 19



Bjarni Þóroddsson

Frá: Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>
Sent: laugardagur, 24. febrúar 2018 13:51
Til: Sabine Leskopf; Helga Björk Laxdal; Olga Hrund Sverrisdóttir; Robert Pajdak; Örn Sigurðsson; Árný Sigurðardóttir; USK_Byggingarfulltrúi
Efni: Re: Um 5 metra fallhætta við flóttaleið Gullhamra.
Viðhengi: fallhætta 5m.jpg

Góðan dag. Þrátt fyrir að nú sé helgi sendi ég þennan póst. Það var aftur viðburður í húsinu í gær við þessar hættulegu aðstæður.

Sendi hér betri mynd af fallhættunni þar sem er búið að merkja inn tröppur í flóttaleið.

Kv, Berglind

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:27 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>: Mig langar að benda á hættuna með því að senda mynd af þessum aðila sem var klifra þarna í gær á meðan viðburðurinn var.

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:11 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>: Góðan dag.

Það er búið að saga niður innri vegginn við flóttaleiðina suð austan megin og mikil fallhætta! Ég tók ekki eftir þessu fyrr en í dag eftir að nágranni minn benti mér á það.

Ef flóttaleið væri notuð þá er ekkert sem myndi hindra fólk í að hrapa niður af pallinum. Ég skil ekki hvernig þetta stenst neinar kröfur.

Það er engin viðvörðun og ekkert afgirt en þarna var haldinn viðburður ungmenna í gær við þessar aðstæður!!! Ég vona að viðburðir verði stoppaðir þar til búið er að afstýra slysi.

Þarna var a.m.k. einn drengur af skólaballinu í gær að þvælast í kringum miðnætti.

Vinsamlegast látið girða þetta af til að koma í veg fyrir stórslys.

Virðingarfyllt

Berglind K. Þórsteinsdóttir
Grænlandsleið 19



Bjarni Þóroddsson

Frá: Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>
Sent: mánudagur, 26. febrúar 2018 06:34
Til: Sabine Leskopf; Helga Björk Laxdal; Olga Hrund Sverrisdóttir; Robert Pajdak; Örn Sigurðsson; Árný Sigurðardóttir; USK_Byggingarfulltrúi
Efni: Re: Um 5 metra fallhætta við flóttaleið Gullhamra.

Góðan dag,

Rekstraraðili sér greinilega ekkert að því að halda viðburði við þessar aðstæður. Aftur var viðburður á laugard.kvöld.

Kv, Berglind

Þann 24. febrúar 2018 kl. 13:50 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>: Góðan dag. Þrátt fyrir að nú sé helgi sendi ég þennan póst. Það var aftur viðburður í húsinu í gær við þessar hættulegu aðstæður.

Sendi hér betri mynd af fallhættunni þar sem er búið að merkja inn tröppur í flóttaleið.

Kv, Berglind

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:27 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>: Mig langar að benda á hættuna með því að senda mynd af þessum aðila sem var klifra þarna í gær á meðan viðburðurinn var.

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:11 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>: Góðan dag.

Það er búið að saga niður innri vegginn við flóttaleiðina suð austan megin og mikil fallhætta! Ég tók ekki eftir þessu fyrr en í dag eftir að nágranni minn benti mér á það. Ef flóttaleið væri notuð þá er ekkert sem myndi hindra fólk í að hrapa niður af pallinum. Ég skil ekki hvernig þetta stenst neinar kröfur.

Það er engin viðvörðun og ekkert afgirt en þarna var haldinn viðburður ungmenna í gær við þessar aðstæður!!! Ég vona að viðburðir verði stoppaðir þar til búið er að afstýra slysi.

Þarna var a.m.k. einn drengur af skólaballinu í gær að þvælast í kringum miðnætti.

Vinsamlegast látið girða þetta af til að koma í veg fyrir stórslys.

Virðingarfyllst

Berglind K. Þórsteinsdóttir
Grænlandsleið 19

Bjarni Þóroddsson

Frá: Nikulás Úlfar Másson
Sent: sunnudagur, 25. febrúar 2018 16:10
Til: Gylfi Ástbjartsson; Robert Pajdak
Afrit: Sabine Leskopf; Helga Björk Laxdal; Olga Hrund Sverrisdóttir; Robert Pajdak; Örn Sigurðsson; Árný Sigurðardóttir; USK_Byggingarfulltrúi
Efni: Re: Um 5 metra fallhætta við flóttaleið Gullhamra.

Sælir

Við skulum fylgja eftir síðasta bréfi.

Kv.
Úlli

Sent from my iPad

On 24 Feb 2018, at 13:51, Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com> wrote:

Góðan dag. Þrátt fyrir að nú sé helgi sendi ég þennan póst. Það var aftur viðburður í húsinu í gær við þessar hættulegu aðstæður.

Sendi hér betri mynd af fallhættunni þar sem er búið að merkja inn tröppur í flóttaleið.

Kv, Berglind

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:27 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>:

Mig langar að benda á hættuna með því að senda mynd af þessum aðila sem var klifra þarna í gær á meðan viðburðurinn var.

Þann 23. febrúar 2018 kl. 14:11 skrifaði Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>:

Góðan dag.

Það er búið að saga niður innri vegginn við flóttaleiðina suð austan megin og mikil fallhætta! Ég tók ekki eftir þessu fyrr en í dag eftir að nágranni minn benti mér á það. Ef flóttaleið væri notuð þá er ekkert sem myndi hindra fólk í að hrapa niður af pallinum. Ég skil ekki hvernig þetta stenst neinar kröfur.

Það er engin viðvörðun og ekkert afgirt en þarna var haldinn viðburður ungmenna í gær við þessar aðstæður!!! Ég vona að viðburðir verði stoppaðir þar til búið er að afstýra slysi.

Þarna var a.m.k. einn drengur af skólaballinu í gær að þvælast í kringum miðnætti.

Vinsamlegast látið girða þetta af til að koma í veg fyrir stórslys.

Virðingarfyllst

Berglind K. Þórsteinsdóttir
Grænlandsleið 19

From: Kristjana Benediktsdóttir [<mailto:krb@althingi.is>]
Sent: 26. febrúar 2018 15:36
Subject: Frá nefndasviði Alþingis - 179. mál til umsagnar

26. febrúar 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 13. mars nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0253.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is

Dags: 26.2.2018 13:25:55

Til:

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 90. mál til umsagnar

26. febrúar 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnsýslu í umgengnismálum, 90. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 16. mars nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0157.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

www.althingi.is

Reykjavík 2/19/2018

Frá:

Björg Kristín Sigbórsdóttir, í forsvari fyrir íbúa Rauðagerðis og smáíbúðahverfis
Íbúar Rauðagerði með sérhagsmuni/smáíbúðahverfis með almenna hagsmuni
Rauðagerði 53
108 Reykjavík

Til:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjórinn í Reykjavík
Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Ágæti Dagur,

SVIKALOGN

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg undir þinni forystu unnið með röngum hætti í málum er tengjast Rauðagerði. Reykjavíkurborg hefur verið bent á þá misbresti sem eru fjölmargir. Íbúum var lofað sl. sumar að lóðir yrðu girtar af með girðingum í samráði við íbúa, tryggt yrði að drenað yrði þannig að vatn myndi ekki safnast við hús sem standa við framkvæmd, nú safnast pollar fyrir framan hús með tilheyrandi hættu á skemmdum. Jafnframt var hæð vegar(stígs) hækkaður og nú gefst vegfarendum enn betra færi á að virða fyrir sér íbúa í Rauðagerði við erum eins og sýningardýr í dýragarði. Þú stendur fyrir þessari sýningu æðsti embættismaður Reykjavíkurborgar.

Til að tryggja frið og sýna fram á samningsvilja voru kærur ýmist dregnar til baka og eða að andmælum ekki haldið uppi sl. sumar. Íbúar vilja nú sem áður ljúka þessu máli með því að lóðir verði girtar frá þessari stofnbraut þar sem að Reykjavíkurborg fór ekki að vilja íbúa og hafa göngu og hjóltreiddastig samsíða Miklubraut heldur setja upp að húsum okkar við Rauðagerði sem skerðir lífsgæði og öryggi íbúa, þess má geta að fyrir þessa framkvæmd voru íbúar í friði búið er að skerða þann frið og setja heimili fólks í uppnám. Þú talar stöðugt um lífsgæði íbúa þessa dagana. Það liggur nú fyrir að það á ekki að hlusta á vilja íbúa frekar en áður, einhliða ákvarðanir Reykjavíkurborgar knýja okkur nú til þess að huga að aðgerðum, tími svikalogns er liðið.

Tíminn er naumur þar sem að íbúar vilja eiga komandi vor og sumar ánægjulegt þar sem hægt er lifa í sátt og samlinni við umhverfi og Reykjavíkurborg við þessa stærstu stofnbraut landsins. Sú sátt sem við íbúar töldum vera í höfn er það alls ekki. Undanfarnir mánuðir hafa verið svikalogn við það verður ekki unað lengur, þér er hér með gefinn **lokafrestur til miðvikudagsins 21. febrúar nk.**, til að ljúka málinu með íbúum og með því breyta því svikalogni sem varað hefur allt frá því öll mál voru lögð niður gagnvart Reykjavíkurborg. Undirrituð ítrekar kröfu íbúa að fá að funda með þér. Þú hefur nú enn og aftur tækifæri til að standa við loforð Reykjavíkurborgar um að ljúka málinu

án frekari afskipta íbúa af vondri stjórnslu, blekkingum, lygum og óheiðarleika sem hafa hingað til viðgengist í máli þessu. Við vonumst til þess að þú bregðist tafarlaust við þessu bréfi og komir þannig í veg fyrir frekari óþægindi íbúa.

Undirrituð vill taka það fram að vegið er lífsgæðum íbúa verði þeim ekki tryggt fullkomið öryggi og friðhelgi. Það hefur komið fram hjá nefndum hins opinbera og ráðuneytum að Reykjavíkurborg starfi ekki til samræmis við góða stjórnsluhætti og benda m.a. á stjórnslulög.

Í þessu bréfi verður ekki farið frekar yfir þá misbrestir sem hafa orðið af hálfu Reykjavíkurborgar vegna þessa máls, en ítrekum eftirfarandi sjá meðfylgjandi hér fyrir neðan.


- Stígur verði girtur af með það hárra girðingu að ónæði frá honum verði tryggt (strax).
- Sett verði niðurföll við stíg til að tryggja að vatn komi ekki að húsum (strax).
- Reykjavíkurborg samþykki í borgarstjórn að útsýnispallur verði fjarlægður af skipulagi (fljótlega).
- Hæð manar og gróður verði þannig úr garði gerður að framkvæmdin skerði ekki sólarljós (strax).
- Önnur mál s.s. mengun bæði svífryks og hljóð, ekki samkv. lögum (almennir hagsmunir fljótlega).

Það má ekki gleyma áskorun hverfisins þar sem tveir undirskriftarlistar á sl. árum hefur verið sendur til Reykjavíkurborgar og ráðuneyta vegna mengunar bæði hljóð og loftmengunar. Fjölmargir íbúar hafa sótt um styrk til að auka hljóðvarnir í húsum sínum en allir þeir sem rætt hefur verið við hafa allir fengið neitun. Svo slæmt er þetta í einu húsinu að ekki er hægt að sofa í einu herberginu.

Bréf þetta er ritað til þín í þeirri einlægu von okkar íbúa að geta búið í sátt og samlyndi í Reykjavík. Undirrituð hvetur þig til að ljúka málinu.

Virðingarfyllt,

Björg Kristín Sigbórsdóttir, í forsvari fyrir íbúa Rauðagerðis og smáíbúðahverfis
Íbúar Rauðagerði með sérhagsmuni/smáíbúðahverfis með almenna hagsmuni
Sími 771 5501



From: Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>
Date: 27 February 2018 at 12:12:39 GMT
To: Undisclosed recipients;;
Subject: Ráðstefna um jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti


Sambandið er aðili að Evrópusamtökum sveitarfélaga og svæða, CEMR.

CEMR stendur á fjögurra ára fresti fyrir ráðstefnu fyrir evrópska sveitarstjórnarmenn um málefni sem tengjast jafnréttis-, innflytjenda- og mannréttindamálum. Slík ráðstefna verður haldin í Bilbao, Spáni 11.-13. júní nk. í samstarfi við Bilbaoborg og basneska sveitarfélagasambandið.

Ljóst er að þetta er ekki heppilegasta dagsetningin fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn, svo skömmu eftir sveitarstjórnarkosningar. Engu að síður er þess farið á leit að ráðstefnan og meðfylgjandi boðsbréf verði kynnt fyrir fulltrúum í sveitarstjórn og nefnd sveitarfélagsins sem fer með málefni ráðstefnunnar, svo og fyrir stjórnendum þessara málaflokka hjá sveitarfélaginu.

Vakin er athygli á lægri skráningargjöldum ef skráningar eiga sér stað fyrir 5. mars nk.

Með fyrirfram þökk og kveðju
Anna Guðrún



Council of European Municipalities and Regions
European Section of United Cities and Local Governments

To the attention of the Members of the CEMR Policy Committee

To the attention of the Members of CEMR Executive Bureau

To the Secretaries General and Directors of the national associations and associate members

Brussels, 16 February 2018

Re: Invitation to the 2018 CEMR Conference – Diversity, Equality and Inclusion

Dear Members,
Dear Colleagues,

In a world where social challenges are increasingly urgent, complex and intertwined, and where core values such as equality, diversity and inclusion are making advances, while also being challenged, it is time to join our efforts and build communities that value everyone.

The Council of European Municipalities and Regions' **conference in Bilbao, from 11 to 13 June 2018**, will be the opportunity to exchange with representatives from the most inspiring cities, towns and regions and explore how mayors, local and regional leaders from Europe and beyond operate on the ground to make equality, diversity and inclusion a reality.

Co-organised by the City of Bilbao and the Association of Basque Municipalities (EUDEL), the 2018 CEMR conference will be the place to discover how to cultivate and promote these core values and develop attractive, inclusive communities that enhance the well-being and quality of life of all citizens.

The programme, available on the [conference's website](#), has been designed to cover a broad range of topics, from security in public spaces – online and in town – to local alliances for labour market inclusion, and will stimulate vital discussions between distinguished guests, politicians and experts. The sessions are composed of input from CEMR members, over 90 proposals were received from 20 countries. This great engagement demonstrates that it is a conference *by* and *for* our members.

We hope that the programme attracts your interest and that you will attend the conference. Furthermore, we would like to invite you to promote the conference among your members and to disseminate the information broadly in your country and within your networks.

Registration is open and we draw your attention that you can benefit from the **early bird registration fee until 5 March 2018**. If you have further questions, please contact Jaimie Just (jaimie.just@cce-re-cemr.org - +32 2 500 05 49), CEMR Policy Officer – Gender Equality and Diversity.

We look forward to welcoming you in Bilbao for CEMR's 2018 conference.

Yours sincerely,

Stefano BONACCINI
CEMR President
President of Emilia-Romagna Region

Juan María ABURTO
Mayor of Bilbao

Imanol LANDA
EUDEL President

Square de Meeûs 1
B-1000 Bruxelles
Tel. +32 2 511 74 77

info@cce-re-cemr.org
www.ccre.org

Málsnr. 2180/0060
Skjalasafn Ráðhuss
28. feb. 2018
Bréfalykill 0572

From: Ingibjörg Hinriksdóttir [mailto:ingibjorg.hinriksdottir@samband.is]
Sent: 28. febrúar 2018 09:32
To: Helga Guðrún Jónasdóttir
Subject: Könnun vegna gatnagerðargjalda

Góðan dag.

Meðfylgjandi er hlekkur á könnun vegna gatnagerðargjalda sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendir nú út að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Svör munu nýtast vegna endurskoðunar á gildandi lögum og reglum og eru viðtakendur hvattir til að taka þátt.

Nánari upplýsingar um könnunina veitir Ólafur Kr. Hjørleifsson (olafur.hjorleifsson@srn.is). Könnunin tekur í allt fjórar spurningar og ætti að vera fljótswarað fyrir aðila sem þekkir til vel til málaflokksins.

Kv. Helga Guðrún Jónasdóttir,
samskiptastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

SVARA KÖNNUN

Sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

28.2.2018

148. löggjafarþing 2017-2018
Þingskjal 34 - 34. mál

Umsögn mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar vegna:

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum
(réttur barna til dvalarleyfis).**

1.mgr. 71. gr laganna orðast svo: Heimilt er að veita barni yngri en 18 ára dvalarleyfi ef foreldri þess hefur dvalarleyfi á grundvelli 58.,61.-63.,65.-67.,70.,73.-76. eða 78.gr

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar fagnar því að fleiri flokkar dvalarleyfa falla undir ákvæðið og veita rétt til fjölskyldusameiningar þegar um er að ræða börn yngri en 18 ára. Ef frumvarpið verður að lögum er þó áfram gert ráð fyrir að dvalarleyfi sérhæfðra starfsmanna á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga (64. gr.), dvalarleyfi vegna vistráðningar (68. gr.) sem og dvalarleyfi vegna sérstaks og lögmæts tilgangs (79. gr.) eða bráðabirgðaleyfi (77. gr.) veiti börnum foreldra með slík leyfi ekki rétt til að fylgja foreldrum sínum til landsins. Þótt þar sé í flestum tilfellum um að ræða leyfi sem ætluð eru til tímabundinnar dvalar þá ætti réttur barna til að fylgja foreldrum sínum alltaf að vera tryggður, líkt og kveðið er á um í 7.gr Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Ofangreindir flokkar ættu því einnig að falla undir ákvæðið.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 20.02.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Málsnr.: 217050020
Skjalasafn Ráðhúss
21. feb. 2018
Bréfalykill: 6111

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Gamli Gufunesvegurinn

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. maí 2017 ásamt tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum sem lögð var fram á fundi borgarráðs 4. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs ódags.

Kynnt.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: umsögn umhverfis- og skipulagssviðs ódags.



***Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um endurbætur á gamla Gufunesveginum -
Tilvísun í mál R17050020.***

Umsögn umhverfis- og skipulagsráðs

Sá hluti gamla Gufunesvegarins sem notaður er sem aðkoma að sjúkrahúsinu Vogu er samkvæmt samþykktu skipulagi innan lóðar sjúkrahússins. Þrátt fyrir að vegurinn sé innan lóðar hefur honum verið viðhaldið af umhverfis- og skipulagssviði og er jafnframt á snjóruðningslista borgarinnar í því skyni að tryggja aðgengi að sjúkrahúsinu. Vegurinn þarfnast nú endurbóta sem ekki er unnt að framkvæma með hefðbundnu viðhaldi. Því er lagt til að umhverfis- og skipulagsráð óski eftir því að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar taki upp viðræður um breytingu á lóðamörkum þannig að aðkoma að sjúkrahúsinu verði á borgarlandi. Við þessa endurskoðun verði einnig horft til þess að koma fyrir göngu- og hjólastíg frá Stórhöfða sem tengist stígakerfi Grafarvogs. Ef þörf er á að breyta núgildandi skipulagi verði það gert af skipulagsfulltrúa.

Tillaga sem samþykkt var í borgarráði 18. desember 2014 snéri að frágangi á göngustíg við Stórhöfða og að sjúkrahúsinu. Þær framkvæmdir fóru fram á árinu 2015.

Frá: Linda Sif Sigurðardóttir/RHUS/RVK

Dags: 10.05.2017 16:11:55

Til: orn.sigurdsson@reykjavik.is, usk@reykjavik.is, Skjalaver Höfðatorgi

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 4. maí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum - R17050020

Tilvísun í mál: R17050020

Heil og sæl,

Meðfylgjandi tillaga er hér með sent umhverfis- og skipulagsráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,

Linda Sif Sigurðardóttir

Verkefnastjóri

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

sími: 411-4701

tölvupóstfang: lindasif@reykjavik.is

R17050020

BORGARRÁÐ 4. maí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum - R17050020

BORGARRÁÐ 4. maí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum - R17050020

Lagt er til að ráðist verði í endurbætur á Gamla Gufunesveginum á kaflanum frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu Vogu. Vegurinn er í slæmu ásigkomulagi og hafa m.a. djúpar holur myndast í honum. Jafnframt er lagt til að göngu- og hjólréiðatengsl við sjúkrahúsið verði bætt. Nýmalbikaður stígur meðfram Stórhöfða verði tengdur sjúkrahúsinu sem og sá hluti gamla Gufunesvegarins, sem nýtist nú sem göngu- og hjólréiðastígur og liggur frá sjúkrahúsinu niður í voginn og tengist þar stígakerfi Foldahverfis.

Borgarráð

Tillögur um að auka rafrænar póstsendingar hjá Reykjavíkurborg

Lagt er til að hjálagðar tillögur í aðgerðaáætlun verkefnahóps um rafrænar póstsendingar verði samþykktar og vísað til meðferðar skilgreindra ábyrgðaraðila:

Fjármálaskrifstofa

Kjaradeild - Launamiðar

Launamiðar í pappírformi eru sendir einu sinni í byrjun hvers árs frá Reykjavíkurborg til launþega. Fjöldi er í kringum 12.000 launamiðar. Það eru ekki laga- eða regluákvæði sem kveða á um að Reykjavíkurborg skuli senda starfsmönnum sínum útprentaða launamiða. Því telur verkefnahópurinn ekkert því til fyrirstöðu að taka upp það breytta fyrirkomulag að birta starfsmönnum sínum launamiða einungs með rafrænum hætti.

Tillaga 1. Lagt er til að í byrjun árs 2018 verði launamiðar ekki prentaðir út og sendir heldur birtir með rafrænum hætti, t.d. á einhverjum af eftirtöldum vefsíðum: heimabanka, Island.is eða Mínum síðum á reykjavik.is.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa - kjaradeild; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Fjárstýringadeild – Álagningaseðlar fasteignagjalda

Álagningaseðlar fasteignagjalda í pappírformi eru sendir í byrjun hvers árs. Fjöldinn er í kringum 55.000 talsins. Álagning fasteignagjalda er skattheimta og þarf því að birta álagninguna með sannanlegum hætti. Verkefnahópurinn telur að hægt sé að fara sömu leið og t.d. Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær þar sem birting álagningar fasteignagjalda fer fram með rafrænum hætti. Það má þó taka það til skoðunar hvort ástæða sé til að taka þá breytingu í skrefum t.d. hafa fyrst ákveðna aðlögun og bjóða viðskipavinum að velja hvort þeir vilji fá álagningaseðlana á rafrænu formi.

Tillaga 2. Lagt er til að setja markmið að í byrjun árs 2019 hafi útprentuðum álagningaseðlum fækkað um 50% og í byrjun árs 2020 verði einungis sendir út álagningaseðlar til 75 ára og eldri.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa - fjárstýringadeild; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Bókhaldsdeild – Innkaupakort

Vinnulag vegna innkaupakorta er þannig í dag: handhafi kortsins ber ábyrgð á að senda uppgjör til bókhaldsdeildar tvisvar sinnum í mánuði (miðjan mánuð og í lok mánaðar). Senda þarf frumrit af kvittun og ef kvittun kemur á rafrænu formi s.s. vegna kaupa á netinu þarf að prenta hana út til að senda með uppgjörinu. Þetta er sent í möppum í innanhúspósti frá handhafa kortsins til bókhaldsdeildar og mappan er síðan send tóm til baka frá bókhaldsdeild.

Ekki á að nota innkaupakort hjá þeim birgja sem er með samning við Reykjavíkurborg heldur á að notast við þar til gerðar beiðnir við að versla við þá aðila, en brotalöm er á því og handhafar kortanna fylgja þeirri reglu ekki nægjanlega vel og því óþarfa kvittanir sem þarf að senda á milli.

Tillaga 3. Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að setja hömlur á notkun innkaupakorta þannig að ekki sé hægt að nota þau hjá þeim birgjum sem eru með samning við borgina. Það sem fengist með því væri innkaupaáðilar yrðu meðvitadari um að versla við þá birgja sem eru með samning við Reykjavíkurborg og tryggja afsláttarkjör sem samið hefur verið um skiluðu sér ásamt því að minnka pappírsmagn (kvittanir) sem senda þarf á milli vegna uppgjöra kortanna.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Birting greiðsluseðla

Í dag þá eru rafrænir greiðsluseðlar til einstaklinga birtir undir rafrænum skjölum í heimabanka. Ákveðinn kostnaður er við birtingu greiðsluseðla í heimabanka sem borgin greiðir fyrir samkvæmt samning við viðskiptabanka borgarinnar. Verkefnahópnum finnst vert að skoða það hvaða stefnu borgin vill taka í þessum efnum þ.e. hvort borgin vilji t.d. fara þá leið að birta alla greiðsluseðla sem borgin gefur út á Mínum síðum eða jafnvel á island.is?

Tillaga 4. Lagt er til að tekin verði ákvörðun um hvaða leið borgin vilji fara með birtingu greiðsluseðla og ef séð er fram á að sú leið verði farin að birta þá eingöngu t.d. á Mínum síðum að farið verði í að útfæra og framkvæma þá aðgerð.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: Rafræn þjónustumiðstöð (með aðkomu allra sviða borgarinnar).

Boðgreiðslugátt

Á fundi með fjárstýringardeild komu fram áhyggjur af boðgreiðslugátt sem nú er notuð á Mínum síðum. Hún er ekki talinn nægilega örugg og uppfyllir ekki öryggisstaðla sem þurfa að vera til staðar. Samkvæmt upplýsingum fjárstýringardeildar var komin af stað vinna við að koma upp öruggari boðgreiðslugátt. Sú vinna var í samvinnu við UTD. Hún stöðvaðist þegar starfsmaður UTD hætti störfum og hefur ekki verið haldið áfram með þá verkefnið síðan. Verkefnahópurinn ákvað því að koma þessu á framfæri og vísa þessari vinnu áfram í tillögu frá hópnum.

Tillaga 5. Lagt er til að vinna við nýja og örugga boðgreiðslugátt verði haldið áfram og því lokið fyrir lok maí 2018.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: rafræn þjónustumiðstöð og upplýsingatæknideild.

Greiðsluseðlar fyrirtækja

Fjöldi fyrirtækja fá greiðsluseðla í pappírsmi senda til sín í pósti. Greiðsluseðillinn gildir sem reikningur sem fyrirtækin nota í bókhaldi hjá sér. Nú þegar eru nokkur hundruð fyrirtækja sem fá greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið og er það fullgildir reikningar sem hægt er að nota í bókhald. Því telur verkefnahópurinn rétt að stefna að því að fyrirtæki fái almennt greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið og fækka þar með útprentuðum greiðsluseðlum til þeirra.

Tillaga 6. Lagt er til að stefnan verði sett á að greiðsluseðlar til fyrirtækja verði orðnir rafrænir í lok árs 2019.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: rafræn þjónustumiðstöð.

Umhverfis og skipulagssvið

Byggingafulltrúi – Tilkynningar vegna afgreiddra mála

Póstur vegna ráða og nefnda: Tilkynning vegna afgreiddra mála samkvæmt dreifilista. Þessar tilkynningar eru í dag sendar út í pappírsmi til utanaðkomandi aðila en ár er síðan byrjað var að senda þessar tilkynningar rafrænt innanhúss.

Tillaga 7. Lagt er til að í byrjun febrúar 2018 verði þessar tilkynningar sendar rafrænt til utanaðkomandi aðila sem gefið hafa upp tölvupóstfang.

Ábyrgð: umhverfis og skipulagssvið-byggingarfulltrúi; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Skrifstofa reksturs og umhirðu – dreifibréf vegna götusópunar

Við hreinsun á götum borgarinnar eru send dreifibréf á hvert heimili við þær götur sem hreinsa þarf svo íbúar færi bílana sína svo hægt sé að hreinsa. Þetta eru um 40.000 bréf ár hvert. Póstdreifing hefur séð um að dreifa bréfunum. Samkvæmt starfsmönnum skrifstofu rekstrar og umhirðu hefur þessi aðferð ekki skilað tilætluðum árangri. Verið er að skoða hvort hægt verði senda sms hópasendingar til íbúa. Búið er að skoða það út frá persónuverndarsjónarmiðum og þegar komin jákvæð niðurstaða frá Persónuvernd. Stefnt er á að þetta komi til framkvæmdar vorið 2018.

Tillaga 8. Sms hópasendingar verða notaðar í stað bréfpósts vorið 2018 í tengslum við götusópanir.

Ábyrgð: umhverfis og skipulagssvið - skrifstofa reksturs og umhirðu.

Skrifstofa reksturs og umhirðu – dreifibréf vegna trjáklippinga

Á vorin fara starfsmenn rekstrar og umhirðu af stað og athuga hvort einhversstaðar sé trjágróður frá einkalóðum sem kemur inn á borgarlandið. Bréf eru send til þeirra íbúa sem þurfa að hreinsa gróðurinn. Þetta eru í kringum 310 bréf sem starfsmenn sjá um að dreifa. Ef hreinsunum er ekki sinnt eru sent annað bréf sem starfsmenn sjá líka um að dreifa og er það um 30% af upphaflegum fjölda. Samkvæmt starfsmönnum skrifstofu reksturs og umhirðu er þetta fyrirkomulag ekki að virka eins vel og þau vildu og eru opin fyrir því að horfa á nýjar lausnir.

Tillaga 9. Lagt er til að Rafræn þjónustumiðstöð aðstoði skrifstofu reksturs og umhirðu við að finna góða lausn til að tilkynna eigendum lóða að hreinsa þurfi trjágróður sem nær inn á borgarlandið. Og verði komið til framkvæmda vorið 2018.

Ábyrgð: umhverfis og skipulagssvið - skrifstofa reksturs og umhirðu; Samstarfsaðilar: rafræn þjónustumiðstöð.

Skóla og frístundasvið

Greiðsluseðlar

Töluverður fjöldi íbúa fá greiðsluseðla senda heim í pappír fyrir þjónustu frá skóla og frístundasviði. Eru þetta reikningar vegna frístundaþjónustu, leikskólaþjónustu og vegna mötuneytis grunnskóla. Þetta er því markhópur sem hægt væri að fá til þess að velja frekar rafræna greiðsluseðla.

Tillaga 10. Var ekki hægt að setja þetta inn á Mínar síður Reykjavíkurborgar? Lagt er til að setja texta á útprentaða greiðsluseðla sem gefur til kynna leiðir til þess að óska eftir því að fá eingöngu rafrænan greiðsluseðil.

Ábyrgð: skóla og frístundasvið; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar og fjármálaskrifstofa.

Velferðarsvið

Launamiðar

Frá velferðarsviði eru sendir út á pappírformi um 10.000 launamiðar til skjólstæðinga sviðsins í byrjun hvers árs. Ef tillaga 1. hér að ofan tekst vel til þá ætti að vera hægt að koma þessum launamiðum á rafrænt form líka. Það þyrfti líklega lengri undirbúningstíma þar sem þetta er viðkvæmari hópur.

Tillaga 11. Lagt er til að í byrjun árs 2019 verði launamiðar velferðarsviðs ekki prentaðir út og sendir heldur birtir á einhverjum af eftirtöldum stöðum: heimabanka, Island.is eða Mínum síðum á reykjavik.is.

Abyrgð: velferðarsvið; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Skjaladeild

Samskipti við ráð og nefndir

Samskipti á milli nefnda og ráða eru bæði rafræn og á pappírformi, sama erindið er sent á báðum formum á milli. Fram að þessu hefur verið gerð krafa um að undirritaðu frumriti erindis sem lagt er fyrir nefnd/ráð berist til viðkomandi ráðs. Þegar skrifstofur sviða Reykjavíkurborgar hafa fengið samþykki fyrir rafrænni varðveislu skjala mun þetta verða óþarft.

Tillaga 12: Verkefnahópurinn leggur til að skoðað verði hvort hægt og fýsilegt sé að breyta fyrrgreindu verklagi í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar.

Abyrgð: skjaladeild; Samstarfsaðilar: skrifstofa borgarstjórnar

Jafnhliða framlögðum tillögum leggur verkefnahópurinn til að við frekari útfærslu framangreindra tillagna verði tekið tillit til nýjunga í tækni og leitast við að nýta bestu mögulegu lausnir sem völ er á hverju sinni.

Greinargerð:

Við afgreiðslu hagræðingartillagna í borgarráði þann 22. desember 2016 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögu á sviði umsýslu og vísi til meðferðar skrifstofu þjónustu og reksturs:

Lagt er til að Reykjavíkurborg setji sér þá stefnu að rafrænar póstsendingar leysi pappírssendingar af og verði fyrsti valkostur í allri starfsemi borgarinnar. Skoðað verði hvort borgin geti tekið upp það fyrirkomulag að íbúi eða starfsmaður verði að óska sérstaklega eftir pappírssendingum. Rafrænar póstsendingar taki til innri og ytri pósts og skoðaðar verði lausnir á borð við rafræna þjónustu Póstsins. Þá verði horft til reynslu þeirra sem stigið hafa þetta skref t.d. til Ríkisskattstjóra. Stefnt verði að því að Reykjavíkurborg verði leiðandi meðal opinberra aðila í rafrænum póstsendingum. Skoða þarf lagalegar hliðar pappírssendinga og hvort borgin þurfi að beita sér fyrir lagabreytingu til að raungera rafrænar póstsendingar. Rafrænar póstsendingar verði skoðaðar í samstarfi við starfshóp um rafræna langtíma varðveislu skjala og við starfshóp um skjalastjórn og undirbúning rafrænnar skjalastjórnunar.

Starfshópur um skjalastjórn og undirbúning rafrænnar skjalastjórnunar óskaði eftir umsögn borgarlögmans varðandi lagalegu hlið málsins. Í kjölfar svars borgarlögmans skilaði starfshópurinn álit til skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu og reksturs þar sem lagt var til að stofnaður yrði verkefnahópur sem samanstæði af fulltrúum sem hefðu víðari reynslu, t.d. af lögfræði-, tækni –og þjónustuþáttum. Meðfylgjandi er áfangaskil verkefnahópsins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samantekt greininga og aðgerðaráætlun verkefnahóps um rafrænar póstsendingar.

2018

Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar

Samantekt greininga og aðgerðaráætlun



Reykjavíkurborg

Innihald

Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar	4
Samantekt greininga.....	5
Fjármálaskrifstofa	5
Kjaradeild:.....	5
Fjárstýringardeild.....	6
Innkaupadeild	7
Uppgjörseild	7
Bókhaldseild	7
Borgarlögmaður	8
Íþrótt og tómstundasvið	8
Innri endurskoðun	9
Mannréttindaskrifstofa	9
Umhverfis og skipulagssvið	10
USK-Byggingafulltrúi	10
USK-Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	11
USK-Mannauðseild	11
USK-Skrifstofa sviðsstjóra	12
USK-Rekstur og umhirða	13
USK-Skipulagsfulltrúi	13
Skóla og frístundasvið.....	13
Skóla og frístundasvið.....	14
VEL-Skrifstofa	15
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.....	16
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara - skrifstofueining	17
Skrifstofa borgarstjórnar	17
Menningar og ferðamálasvið	18
Skrifstofa þjónustu og reksturs	19
Aðgerðaráætlun verkefnahóps vegna rafrænna póstsendinga	20
Fjármálaskrifstofa	20
Kjaradeild - Launamiðar	20
Fjárstýringadeild – Álagningaseðlar fasteignagjalda	20
Bókhaldseild – Innkaupakort.....	20
Birting greiðsluseðla	21
Boðgreiðslugátt	21
Greiðsluseðlar fyrirtækja	21

Umhverfis og skipulagssvið	22
Byggingafulltrúi – Tilkynningar vegna afgreiddra mála	22
Skrifstofa reksturs og umhirðu – dreifibréf vegna götusópunar	22
Skrifstofa reksturs og umhirðu – dreifibréf vegna trjáklippinga	22
Skóla og frístundasvið.....	23
Greiðsluseðlar.....	23
Velferðarsvið	23
Launamiðar.....	23
Samskipti við ráð og nefndir.....	23

Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar

Hlutverk verkefnahóps um rafrænar póstsendingar samkvæmt erindisbréfi:

- Verkefni 1: Hlutverk verkefnahópsins er að kortleggja og greina alla þætti sem snúa að rafrænum póstsendingum hjá Reykjavíkurborg hvort sem það er útsendur póstur eða innanhúss. Verkefnahópurinn skal sérstaklega hafa í huga þætti sem snúa að lögfræði, tækni og þjónustu í tengslum við rafrænar póstsendingar.
- Verkefni 2 : Stýring innleiðingar á tillögum sem hópurinn leggur fram.

Í samantektinni hér að neðan eru innan- og utanhúss póstsendingar hjá borginni kortlagðar og greindar. Eyðublað (greiningarblað) var sent á skrifstofur miðlægrar stjórnslu sem og skrifstofur allra sviða hjá borginni. Ekki var sent eyðublað á starfsstaði borgarinnar s.s. þjónustumiðstöðvar. Tilgangurinn með eyðublaðinu var að fanga eins og hægt var magn og tegundir póstsendinga sem og hvort einhver ákvæði laga- eða reglna væru ástæða þeirrar ákvörðunar að senda póstinn á pappírformi. Bárust svör frá öllum aðilum sem sent var á en eins og sést hér að neðan þá voru svörin mis ítarleg. Verkefnahópurinn ákvað í framhaldi greininganna og nokkurra funda að leggja fram tillögur að aðgerðum sem hægt væri að ráðast í til þess að minnka magn pósts sem sendur er á pappírformi.

Verkefnahópurinn skipa:

Halla María Árnadóttir – skjaladeild – formaður hóps

Grímur Kjartansson – UTD

Finnur Kári Guðnason – RPM

Jón Pétur Skúlason – BLÖ

Ólöf Björg Þórðardóttir – SÞR –starfsmaður hóps


Verkefnahópurinn fundaði 6 sinnum, einnig var hluti hópsins sem fundaði með nokkrum skrifstofum til að ræða nánar greiningarnar.

Samantekt greininga

Fjármálaskrifstofa


Kjaradeild:

Útsendur póstur		
Launamiðar	<ul style="list-style-type: none">Vilji til að hætta að senda launamiða á pappír, Kjaradeild ætlar að kanna hvort þau geti birt hann í heimabanka eingöngu.	<ul style="list-style-type: none">Það eru lagaákvæði en ekki kom á hreint hver þau eru- þarf að skoða það.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">Óverulegt magn	
Innanhús póstur		
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">Óverulegt magn	
Annað	<ul style="list-style-type: none">Vilji hjá Kjaradeild að minnka allan bréfpóst inn til Kjaradeildar og eru fylgjandi breytingum að gera allt rafrænt sem hægt er, jafnvel að birta launaseðla á Island.is eða á Mínum síðum.Mannauðshluti SAP er ekki vottað en gagnagrunnur í launakerfi SAP er í lagi.	



Fjárstýringardeild

Útsendur póstur	
Álagningarseðlar fasteignagjalda	<ul style="list-style-type: none"> • Sendir út í byrjun árs - verða að senda þá út þar sem þetta er skattur og verða að tilkynna með sannarlegum hætti. Möguleiki er að fara sömu leið og Ríkisskattstjóri að hafa aðlögunartíma og fólk gæti valið hvort það vilji fá álagningaseðilinn rafrænan.
Breytingarseðlar fasteignagjalda	<ul style="list-style-type: none"> • Það gildir sama regla og með álagningaseðlana að það þarf að tilkynna með sannarlegum hætti. Yfirleitt eru þetta breytingar á sorptunnum og því um litlar upphæðir að ræða.
Aldursmörk greiðsluseðla	<ul style="list-style-type: none"> • Þegar þetta var framkvæmt fyrst þá var sjálfkrafa sent rafrænt á þá sem voru 67 ára og yngri Síðan færðist það í 70 ára og hafa þau fært mörkin aftur um eitt ár á hverju ári. Þetta er komið í 73 ára núna.
Fyrirtæki	<ul style="list-style-type: none"> • Þau fá senda greiðsluseðla í pappír þar sem greiðsluseðlar eru reikningar sem þeir setja í bókhaldið hjá sér. En nú þegar eru nokkur hundruð fyrirtækja sem fá greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> • Einstaka sinnum og mjög lítið
Innanhús póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> • Einstaka sinnum og mjög lítið
Annað	<ul style="list-style-type: none"> • Fjárstýringardeild er jákvæð fyrir því að gera hlutina rafræna og fá aðstoð við það. Þau væru tilbúin að birta t.d. allt á Mínum síðum • Allir reikningar (greiðsluseðlar) borgarinnar sem birtast í heimabanka eru um 60.000. • Þörf er á því að klára það verkefni að koma boðgreiðslumálum á Mínum síðum í rétt horf.



Innkaupadeild

Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">• Undirritaðir samningar og niðurfelling verktrygginga - óverulegur fjöldi
Innanhús póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">• Eitthvað tilfallandi - óverulegur fjöldi

Uppgjörsdeild


Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">• Eitthvað tilfallandi - lítið magn
Innanhús póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">• Eitthvað tilfallandi - lítið magn

Bókhaldsdeild

Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">• Eitthvað tilfallandi - lítið magn
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none">• Mjög lítið frá Bókhaldsdeild - nokkuð magn sem sent er í gegnum reikningakerfi Agresso en prentað hjá Advania og pakkað hjá Umslagi.
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	<ul style="list-style-type: none">• Eitthvað tilfallandi - lítið magn
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">• Eitthvað tilfallandi - lítið magn

Borgarlögmaður

Útsendur póstur	(það sem ekki kemur fram á grafi)
Ábyrgðarpóstur	<ul style="list-style-type: none"> Kaupsamningur og afsöl: - fjöldi er 1-2 á ári
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Umsagnir um lagafrumvörp: Fjöldi mesta lagi 2 á ári, ekki kveðið á um form umsagna.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Svarbréf vegna innkominna erinda og krafna: Gæta þarf ákvæða stjórnsýsluréttar og svara á sama formi og erindi berast.
Innanhús póstur	
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Afrit dóma, umsagnir, tillögur, greinagerðir: Ákvæði laga- og reglna geta kveðið á um tiltekið form. T.d. ákvæði stjórnsýslulaga en það veltur á efni hverju sinni.



Íþróttta og tómsfundasvið

Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Svör við erindum sem berast ÍTR, send 10 sinnum í mánuði (14 daga reglan)
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> Reikningar ef þeir berast ekki beint í bókhaldið, sent einu sinni í viku Millifærslur, einu sinni í mánuði S-Kort sent einu sinni í viku Reikningar vegna útgreiðslu frístundakorta, fjöldi er frá 70-150 og sent einu sinni í mánuði. Ekki lagaskylda að sé bréfflegt. Sérstakir reikningar vegna sendiráðsbarna, fjöldi er 1-3 og eru þeir sendir 1-3 sinnum á ári. Ekki lagaskylda að sé bréfflegt.

Innri endurskoðun

Útsendur póstur	
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> • Bréf til A hluta og samstæðu, B hluta fyrirtækja og ytri endurskoðenda varðandi samþykktir endurskoðunarnefndar. Ef þörf krefur er sent að loknum fundum endurskoðunarnefndar, ca 14 fundir pr.starfsár. Það eru ekki laga- eða regluákvæði um form sendinga. Þetta er yfirleitt sent bæði rafrænt og í hefðbundnum pósti. • Bréf til A hluta og samstæðu, B hluta fyrirtækja, t.d. ef kalla þarf eftir upplýsingum. Fjöldi er eftir þörfum. Það eru ekki laga- eða regluákvæði um form. Þetta er yfirleitt sent einungis rafrænt.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> • Skýrslur og minnisblöð innri endurskoðunar að loknum úttektum. Það er mjög breytilegt hversu mikið er sent. Það er í auknum mæli farið að senda einungis rafrænt í ljósi samþykktar borgarráðs um rafrænar póstsendingar.
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> • Reikningar og kvittanir vegna innkaupakorts. Fjöldi er 2-3 og sent þá 1-2 sinnum í mánuði. Það eru laga- og regluákvæði en þau taka ekki fram hvaða.
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> • Fundargerð endurskoðunarnefndar er ávallt send borgarráði. Fjöldinn er 14 pr. starfsár. Þetta er einungis sent rafrænt.
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	<ul style="list-style-type: none"> • Ráðningasamningar og breytingar á þeim, fastlaunasamningar, kvittanir vegna íþróttaiðkunar og fl. Þetta er sent þegar þörf er á. Nokkrar sendingar pr. ár.


Mannréttindaskrifstofa

Útsendur póstur	
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> • Mannréttindaráð: Til sviða Rvk vegna vinnslu mála, til einstaklinga og félagasamtaka vegna styrkumsókna í mannréttindasjóð og úrvinnslu þeirra. Fjöldi er 40 yfir árið og sent einu sinni í mánuði vegna erinda og 5 sinnum á ári vegna styrkumsókna. Vísa í styrktarreglur (styrkjahandbók - maí 2017) samkvæmt gr. 5.2 skal senda skriflega tilkynningu um afgreiðslu styrkumsóknar. • Öldungaráð: Til sviða Rvk, hverfasamtaka, fjöldi er 10 yfir árið og sent 2 sinnum á ári. • Ferlinefnd fatlaðs fólks: Til fyrirtækja úti í bæ eða ríkisins og sent 5 sinnum á ári. • Ofbeldisvarnarnefnd: Sent 2 sinnum á ári.
Bæklingar	<ul style="list-style-type: none"> • Sendir 12 sinnum á ári - Bæklingar sem skrifstofan gefur út og óskir berast um að fá. Geta verið önnur sveitarfélög eða heilsugæslustöðvar og fl.
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> • Millifærslur - sent 4 sinnum í mánuði
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> • Ferlinefnd fatlaðs fólks:Erindi til sviða, ráða og utanaðkomandi aðila vegna meðferðar á aðgengismálum, fj.er 3-5 og sent 1-2 sinnum á ári.

Umhverfis og skipulagssvið


USK-Byggingafulltrúi

Útsendur póstur	(það sem ekki kemur fram á grafi)
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none">Tilkynning vegna afgreiðslu mála samkvæmt dreifilista 1: Það er vilji til þess að byrja að senda eingöngu rafrænt á utanaðkomandi aðila. Nú þegar (1.ár síðan) eru þessar tilkynningar sendar í tölvupósti til aðila innanhúss sem eru um ca.480 á ári
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">Afsögn byggingastjóra/iðnmeistara, endursend byggingaleyfisgögn og ýmis bréf. Fjöldi ekki tiltekinn.
Innanhús póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none">Bréf á milli sviða sem send eru einstaka sinnum.
Annað	<ul style="list-style-type: none">Útsendur póstur sem sendur er vegna ráða og nefnda: Þau segjast ekki vera viss hvort einhver laga eða regluákvæði séu í sambandi við þær sendingar.



USK-Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Útsendur póstur	(það sem ekki kemur fram á grafi)
Fjöldapóstur	<ul style="list-style-type: none"> Já það eru laga og regluákvæði í tengslum við fjöldapóstinn sem sendur er til hagsmunaaðila/íbúa vegna framkvæmda.
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> Reikningar til bókhalds, fjöldi er breytilegur en sendingar eru daglega
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Frumrit borgarráðsbréfa , fjöldi er ca 35-40 frá SFV sem af er árinu. Sent er 0-4 sinnum í mánuði
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	<ul style="list-style-type: none"> Frumrit pappíra vegna símasamninga, aksturs og fl. Fjöldi er breytilegur en sent er daglega




USK-Mannauðsdeild

Útsendur póstur	
Ábyrgðarpóstur	<ul style="list-style-type: none"> Áskorun send 3-5 sinnum á ári, móttaka bréfs þarf að vera staðfest


USK-Skrifstofa sviðsstjóra



USK-Rekstur og umhirða





USK-Skipulagsfulltrúi





Skóla og frístundasvið

Útsendur póstur	(það sem ekki kemur fram á grafi)
Ábyrgðarpóstur	<ul style="list-style-type: none"> Bréf frá lögfræðingum og samningar, ekki í stórum stíl og er sent ca 3 sinnum í mánuði
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> Sem hafa fyrir mistök borist til okkar en ekki í bókhald, fjöldi er óverulegur
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Afrit af öllu til skjalavers, sent er daglega Ýmis póstur á önnur svið t.d. til barnaverndar og USK, sent er ca.vikulega




VEL-Skrifstofa

Útsendur póstur	(það sem ekki kemur fram á grafi)
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Umboðsmaður alþingis, ráðuneyti, réttindagæslumaður og Ráðhús Reykjavíkur.
Bæklingar	<ul style="list-style-type: none"> Þjónusta fyrir eldri borgara í Reykjavík (67+). Fjöldi er 7548 og sent einu sinni á ári, er borið út. Þau tóku fram á fundi að þetta væri tilfallandi
Annað	<ul style="list-style-type: none"> Þau segja að það sé laga- og regluákvæði á bak við gögn sem send eru í ábyrgðarpósti í tengslum við gögn til úrskurðarnefnda velferðarmála. Það er ekki laga- eða regluákvæði í svarbréfi sem sent er til notenda í áfrýjunarmálum



Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Útsendur póstur	(það sem ekki kemur fram á grafi)
Ábyrgðarpóstur	<ul style="list-style-type: none"> Eingöngu sent ef nauðsyn ber til, fjöldi ca 5 og sent 5 sinnum á ári.
Bæklingar	<ul style="list-style-type: none"> Bæklingur vegna uppbyggingarfundar borgarstjóra haustið 2017, fjöldi 45.000. Gert í þetta eina skipti. Þessu var dreift með Fréttablaðinu inn á heimili í Reykjavíkurborg.
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> Ef þeir berast óvart á skrifstofuna þá eru þeir endursendir í bókhald Höfðatorgi. Gerist ca. 4 sinnum í mánuði. Gögn vegna innkaupakorts send einu sinni í mánuði. Útlagður kostnaður starfsmanna, eyðublað og reikningur 1-2 sinnum í mánuði.
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Frumrit af erindum skrifstofunnar er prentað út og skilað á skjalasafn. Frumrit af undirrituðum húsaleigusamningum. Frumrit af tilboðum í lóðir.
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	<ul style="list-style-type: none"> Ráðninga-, farsíma-, fastlauna-, samgöngu- og fl. samningar v/starfsmanna (14 starfsmenn). Þetta er sent einu sinni á ári Ferðaheimildir sendar 5 sinnum á ári.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Bréf eru stundum að fara á milli USK-SEA-USK, sent 1-2 sinnum í mánuði. Erindi frá USK/skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Lóðaleigusamningar, fjöldi er 72. Þeir eru sendir í þjónustuver Höfðatorgi/móttöku ráðhúsi



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara - skrifstofueining

Útsendur póstur	
Fjöldapóstur	<ul style="list-style-type: none"> Boðskort borgarstjóra vegna móttöku Reykvíkinga sem verða 70 ára á árinu, fjöldi er 900, þau eru send einu sinni á ári. Jólaort borgarstjóra, fjöldi 800, einu sinni á ári.
Ábyrgðarpóstur	Bréf til Brussel, fjöldi 1.
Póstur vegna ráða og nefnda	Vegna stjórnkerfis og lýðræðismála.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Verktakavinna, fjöldi 40 á mánuði Stjórnsýsluerindi, fjöldi 9 á mánuði Samúðarbréf, fjöldi 10 á ári Önnur bréf, fjöldi 7 á ári Þakkarbréf, fjöldi 5 á ári
Innanhús póstur	
Reikningar	Útlagður kostnaður: Fjöldi 5 bréf á mánuði
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Umsagnarbeiðnir, fjöldi 20 á ári Tilkynning um meðferð mála, fjöldi 15 á ári
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	Ferðaheimildir, akstur og fl. Fjöldi 100 á

Skrifstofa borgarstjórnar

Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Afgreiðsla borgarráðs, fjöldi ca 5 á mánuði, sent ca einu sinni í viku.
Innanhús póstur	
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Afgreiðsla borgarráðs og borgarstjórnar, fjöldi 10-20 á viku.

Menningar og ferðamálasvið

Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Bókamerki Bókmenntaborgarinnar til skóla, fjöldi 3-500 stk yfir árið, sent 1-5 sinnum á ári en það fer eftir eftirspurn
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> Vegna verktakagreiðslu Bókmenntaborgarinnar til listamanna, sent 1-3 sinnum í mánuði, frumrit eiga að fara til borgarbókhalds. Fjöldi er breytilegur og getur hann farið í 10-20 pr mánuð stundum. Samningur um aðkeypta þjónustu eða vinna skv. samningi, 1-2 sinnum í mánuði, frumrit reikninga eiga að fara til borgarbókhalds, reikningar eiga að fara beint í bókhald en stundum gerist það að þeir berast á skrifstofu. Útlagður kostnaður starfsmanna skrifstofu vegna kaupa á vörum og þjónustu, 10 sinnum í mánuði, frumrit á að fara til borgarbókhalds. Kvittanir vegna innkaupa á kreditkort sviðs /Bókmenntaborgar, 2 sinnum í mánuði, frumrit á að fara til borgarbókhalds. Reikningar seljanda varnings til safnbúða, 4-6 sinnum á ári, frá starfsmanni: mér var tilkynnt það vinnulag þegar ég byrjaði að ég gæti sent reikning á bókhaldið með innanhúspósti
Póstur vegna ráða og nefnda	<ul style="list-style-type: none"> Umsagnir til annara sviða, 2-4 sinnum í mánuði, já það eru laga - eða regluákvæði-það er verklag sem mér skilst að mér sé uppálagt að fylgja, oft ósk um skriflegt svar. Formleg svör við fyrirspurnum, 2-4 sinnum í mánuði, já það eru laga-eða regluákvæði, það er verklag sem mér skilst að mér sé uppálagt að fylgja, oft ósk um skriflegt svar.
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	<ul style="list-style-type: none"> Menningarkort, 1 sinni í viku, sundkort eftir þörfum - kortin þurfa að komast fýsískt í hendur eiganda kortanna Ráðningasamningar, 1-10 sinnum í mánuði, allir slíkir samningar eiga að vera undirritaðir af sviðsstjóra og er reglan sú að kjaradeildin fær frumrit gagna. Prófskirteini og fleira tengt launakjörum, 1-10 sinnum í mánuði, reglan er sú að kjaradeildin fær frumrit gagna. Breytingablöð vegna ráðningasamninga, fastlaunasamningar, líkamsræktarsamningar, samgöngusamningar, 1-10 sinnum í mánuði- allir slíkir samningar eiga að vera undirritaðir af sviðsstjóra og er reglan sú að kjaradeildin fær frumrit gagna.
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> Ferðaheimildir sviðsins til borgarbókhalds, ca 4 sinnum í mánuði - allir slíkir samningar eiga að vera undirritaðir af sviðsstjóra og er reglan sú að kjaradeildin fær frumrit gagna. Menningarkort til stofnana til dreifingar (bunki af plastkortum) 1-4 sinnum á ári. Kynningarefni tengt menningarkortinu, 1-4 sinnum á ári, Frá verkefnastjóra menningarkortsins: Mér finnst mikið hagræði af því að senda efni með innanhúspósti, t.a.m. Menningarkort og kynningarefni því tengt á söfnin og myndi vilja nota þann kost oftár í framtíðinni fremur en að bóka bíl og taka tíma í að keyra sjálf með hverja einustu pöntun út á söfnin. Sé fyrir mér að hægt væri að skipuleggja með þeim hætti að samnýta ferðir betur ef fleiri eru að senda efni út á stofnanirnar.

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Útsendur póstur	
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> • Lykilorð vegna rafrænnar Reykjavíkur, fjöldi ca 4 á dag. Viðskiptavinum er gefinn möguleiki á að fá lykilorð send í heimabanka eða í bréfpósti á sitt lögheimili (Þjónustuver). • Undirritað eyðublað, sent ca 2-3 sinnum í mánuði, sent til RSK, krafa frá þeim að fá þetta á pappírformi (UTD).
Innanhús póstur	
Reikningar	<ul style="list-style-type: none"> • Reikningar vegna innkaupakorts og fl. 3-4 sinnum í mánuði (UTD). • Reikningar vegna innkaupakorts, fjöldi ca 5-10, sent 2 sinnum í mánuði, já það er vísað í FMS-STE 015 reglur um notkun innkaupakorta / FMS-VLR-041 Notkun innkaupakorta, samkvæmt reglum er sent á pappírformi frumrit af reikningum, ef pantað er af netinu og greitt með innkaupakorti þá þarf að prenta rafrænan reikning út og senda á bókhaldið sem svo skannar það inn. Vil koma á framfæri: að endurskoða þyrfti þessar verklagsreglur þar sem mikill tvíverknaður er í gangi (SPR skrifstofa).
Póstur vegna launa- og mannauðsmála	<ul style="list-style-type: none"> • Akstursskýrslur og önnur starfsmannagögn, fjöldi 2, sent 1 sinni í mánuði (UTD). • Akstursskýrsla, sent sjaldan, Beðið er um undirritun starfsmann og yfirmanns en ekki tekið fram hvort þurfi að gera í þríriti/ senda í bréfpósti eða hvort megi t.d. skanna inn og senda (SPR skrifstofa) • Samgöngusamningar, sent sjaldan, , Á þessu er tekið fram að samningur sé gerður í þríriti, eitt eintak til sviðs/stofnunar, eitt til kjaradeildar og það þriðja til starfsmanns, ekki er tekið fram að þetta þurfi að vera útprentað eða hvort megi skanna og senda (SPR skrifstofa) • Farsímasamningar, sent sjaldan, Tekið er fram að samningur skuli vera gerður í þríriti, eitt eintak til sviðs/stofnunar og annað til starfsmanns en ekki tekið fram hvert þriðja eintakið fer, ekki er tekið fram að þetta þurfi að vera útprentað eða hvort megi skanna og senda (SPR skrifstofa) • Ferðaheimildir, sent sjaldan, Beðið er um undirritun starfsmann og yfirmanns en ekki tekið fram hvort þurfi að gera í þríriti/ senda í bréfpósti eða hvort megi t.d. skanna inn og senda (SPR skrifstofa) • Ráðningasamningar, sent sjaldan, , Á þessu er tekið fram að samningur sé gerður í þríriti, eitt eintak til sviðs/stofnunar, eitt til kjaradeildar og það þriðja til starfsmanns, ekki er tekið fram að þetta þurfi að vera útprentað eða hvort megi skanna og senda (SPR skrifstofa) • Útlagður kostnaður, sent sjaldan, Beðið er um undirritun starfsmann og yfirmanns en ekki tekið fram hvort þurfi að gera í þríriti/ senda í bréfpósti eða hvort megi t.d. skanna inn og senda (SPR skrifstofa) • Önnur eyðublöð sem tengjast launa- og mannauðsmálum, sent sjaldan (SPR skrifstofa)
Aðrar bréfasendingar	<ul style="list-style-type: none"> • Svar við erindum t.d. persónuvernd (UTD) • Trúnaðaryfirlýsingar (UTD) • Stjórnendaréttindi á útstöð (UTD)

Aðgerðaráætlun verkefnahóps vegna rafrænna póstsendinga

Fjármálaskrifstofa

Kjaradeild - Launamiðar

Launamiðar í pappírformi eru sendir einu sinni í byrjun hvers árs frá Reykjavíkurborg til launþega. Fjöldi er í kringum 12.000 launamiðar. Það eru ekki laga- eða regluákvæði sem kveða á um að Reykjavíkurborg skuli senda starfsmönnum sínum útprentaða launamiða. Því telur verkefnahópurinn ekkert því til fyrirstöðu að taka upp það breytta fyrirkomulag að birta starfsmönnum sínum launamiða einungs með rafrænum hætti.

Tillaga 1. Lagt er til að í byrjun árs 2018 verði launamiðar ekki prentaðir út og sendir heldur birtir með rafrænum hætti, t.d. á einhverjum af eftirtöldum vefsíðum: heimabanka, Island.is eða Mínunum síðum á reykjavik.is

Ábyrgð: Fjármálaskrifstofa - Kjaradeild **Samstarfsaðilar:** Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar

Fjárstýringadeild – Álagningaseðlar fasteignagjalda

Álagningaseðlar fasteignagjalda í pappírformi eru sendir í byrjun hvers árs. Fjöldinn er í kringum 55.000 talsins. Álagning fasteignagjalda er skattheimta og þarf því að birta álagninguna með sannanlegum hætti. Verkefnahópurinn telur að hægt sé að fara sömu leið og t.d. Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær þar sem birting álagningar fasteignagjalda fer fram með rafrænum hætti. Það má þó taka það til skoðunar hvort ástæða sé til að taka þá breytingu í skrefum t.d. hafa fyrst ákveðna aðlögun og bjóða viðskipavinum að velja hvort þeir vilji fá álagningaseðlana á rafrænu formi.

Tillaga 2. Lagt er til að setja markmið að í byrjun árs 2019 hafi útprentuðum álagningaseðlum fækkað um 50% og í byrjun árs 2020 verði einungis sendir út álagningaseðlar til 75 ára og eldri.

Ábyrgð: Fjármálaskrifstofa - fjárstýringadeild **Samstarfsaðilar:** Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar og fjármálaskrifstofa - fjárstýringardeild

Bókhaldsdeild – Innkaupakort

Vinnulag vegna innkaupakorta er þannig í dag: handhafi kortsins ber ábyrgð á að senda uppgjör til bókhaldsdeildar tvisvar sinnum í mánuði (miðjan mánuð og í lok mánaðar). Senda þarf frumrit af kvittun og ef kvittun kemur á rafrænu formi s.s. vegna kaupa á netinu þarf að prenta hana út til að senda með uppgjörinu. Þetta er sent í möppum í innanhúspósti frá handhafa kortsins til bókhaldsdeildar og mappan er síðan send tóm til baka frá bókhaldsdeild. Ekki á að nota innkaupakort hjá þeim birgja sem er með samning við Reykjavíkurborg heldur á að notast við þar til gerðar beiðnir við að versla við þá aðila, en brotalöm er á því og handhafar kortanna fylgja þeirri reglu ekki nægjanlega vel og því óþarfa kvittanir sem þarf að senda á milli.

Tillaga 3. Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að setja hömlur á notkun innkaupakorta þannig að ekki sé hægt að nota þau hjá þeim birgjum sem eru með samning við borgina. Það sem fengist með því væri innkaupaáðilar yrðu meðvitaðari um að versla við þá birgja sem eru með samning við Reykjavíkurborg og tryggja afsláttarkjör sem samið hefur verið um skiluðu sér ásamt því að minnka pappírsmagn (kvittanir) sem senda þarf á milli vegna uppgjöra kortanna.

Ábyrgð: Fjármálaskrifstofa [Samstarfsaðilar](#): Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar

Birting greiðsluseðla

Í dag þá eru rafrænir greiðsluseðlar til einstaklinga birtir undir rafrænum skjölum í heimabanka. Ákveðinn kostnaður er við birtingu greiðsluseðla í heimabanka sem borgin greiðir fyrir samkvæmt samning við viðskiptabanka borgarinnar. Verkefnahópnum finnst vert að skoða það hvaða stefnu borgin vill taka í þessum efnum þ.e. hvort borgin vilji t.d. fara þá leið að birta alla greiðsluseðla sem borgin gefur út á Mínum síðum eða jafnvel á island.is?

Tillaga 4. Lagt er til að tekin verði ákvörðun um hvaða leið borgin vilji fara með birtingu greiðsluseðla og ef séð er fram á að sú leið verði farin að birta þá eingöngu t.d. á Mínum síðum að farið verði í að útfæra og framkvæma þá aðgerð.

Ábyrgð: Fjármálaskrifstofa og rafræn þjónustumiðstöð (með aðkomu allra sviða borgarinnar)

Boðgreiðslugátt

Á fundi með fjárstýringardeild komu fram áhyggjur af boðgreiðslugátt sem nú er notuð á Mínum síðum. Hún er ekki talinn nægilega örugg og uppfyllir ekki öryggisstaðla sem þurfa að vera til staðar. Samkvæmt upplýsingum fjárstýringardeildar var komin af stað vinna við að koma upp öruggari boðgreiðslugátt. Sú vinna var í samvinnu við UTD. Hún stöðvaðist þegar starfsmaður UTD hætti störfum og hefur ekki verið haldið áfram með þá verkefnið síðan. Verkefnahópurinn ákvað því að koma þessu á framfæri og vísa þessari vinnu áfram í tillögu frá hópnum.

Tillaga 5. Lagt er til að vinna við nýja og örugga boðgreiðslugátt verði haldið áfram og því lokið fyrir lok maí 2018.

Ábyrgð: Fjármálaskrifstofa [Samstarfsaðilar](#): rafræn þjónustumiðstöð og upplýsingatæknideild.

Greiðsluseðlar fyrirtækja

Fjöldi fyrirtækja fá greiðsluseðla í pappírformi senda til sín í pósti. Greiðsluseðillinn gildir sem reikningur sem fyrirtækin nota í bókhaldið hjá sér. Nú þegar eru nokkur hundruð fyrirtækja sem fá greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið og er það fullgildir reikningar sem hægt er að nota í bókhald. Því telur verkefnahópurinn rétt að stefna að því að fyrirtæki fái almennt greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið og fækka þar með útprentuðum greiðsluseðlum til þeirra.

Tillaga 6. Lagt er til að stefnan verði sett á að greiðsluseðlar til fyrirtækja verði orðnir rafrænir í lok árs 2019.

Ábyrgð: Fjármálaskrifstofa [Samstarfsaðilar](#): rafræn þjónustumiðstöð

Umhverfis og skipulagssvið

Byggingafulltrúi – Tilkynningar vegna afgreiddra mála

Póstur vegna ráða og nefnda: Tilkynning vegna afgreiddra mála samkvæmt dreifilista. Þessar tilkynningar eru í dag sendar út í pappírformi til utanaðkomandi aðila en ár er síðan byrjað var að senda þessar tilkynningar rafrænt innanhúss.

Tillaga 7. Lagt er til að í byrjun febrúar 2018 verði þessar tilkynningar sendar rafrænt til utanaðkomandi aðila sem gefið hafa upp tölvupóstfang.

Ábyrgð: USK-Byggingafulltrúi [Samstarfsaðilar](#): Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar

Skrifstofa reksturs og umhirðu – dreifibréf vegna götusópunar

Við hreinsun á götum borgarinnar eru send dreifibréf á hvert heimili við þær götur sem hreinsa þarf svo íbúar færi bílana sína svo hægt sé að hreinsa. Þetta eru um 40.000 bréf ár hvert. Póstdreifing hefur séð um að dreifa bréfunum. Samkvæmt starfsmönnum skrifstofu rekstrar og umhirðu hefur þessi aðferð ekki skilað tilætluðum árangri. Verið er að skoða hvort hægt verði senda sms hópasendingar til íbúa. Búið er að skoða það út frá persónuverndarsjónarmiðum og þegar komin jákvæð niðurstaða frá Persónuvernd. Stefnt er á að þetta komi til framkvæmdar vorið 2018.

Tillaga 8. Sms hópasendingar verða notaðar í stað bréfpósts vorið 2018 í tengslum við götusópanir.

Ábyrgð: USK - Skrifstofa reksturs og umhirðu

Skrifstofa reksturs og umhirðu – dreifibréf vegna trjáklippinga

Á vorin fara starfsmenn rekstrar og umhirðu af stað og athuga hvort einhversstaðar sé trjágróður frá einkalóðum sem kemur inn á borgarlandið. Bréf eru send til þeirra íbúa sem þurfa að hreinsa gróðurinn. Þetta eru í kringum 310 bréf sem starfsmenn sjá um að dreifa. Ef hreinsunum er ekki sinnt eru sent annað bréf sem starfsmenn sjá líka um að dreifa og er það um 30% af upphaflegum fjölda. Samkvæmt starfsmönnum skrifstofu reksturs og umhirðu er þetta fyrirkomulag ekki að virka eins vel og þau vildu og eru opin fyrir því að horfa á nýjar lausnir.

Tillaga 9. Lagt er til að Rafræn þjónustumiðstöð aðstoði skrifstofu reksturs og umhirðu við að finna góða lausn til að tilkynna eigendum lóða að hreinsa þurfi trjágróður sem nær inn á borgarlandið. Og verði komið til framkvæmda vorið 2018

Ábyrgð: USK - skrifstofa reksturs og umhirðu [Samstarfsaðilar](#): Rafræn þjónustumiðstöð

Skóla og frístundasvið

Greiðsluseðlar

Töluverður fjöldi íbúa fá greiðsluseðla senda heim í pappír fyrir þjónustu frá skóla og frístundasviði. Eru þetta reikningar vegna frístundaþjónustu, leikskólaþjónustu og vegna mötuneytis grunnskóla. Þetta er því markhópur sem hægt væri að fá til þess að velja frekar rafræna greiðsluseðla.

Tillaga 10. Var ekki hægt að setja þetta inn á Mínar síður Reykjavíkurborgar? Lagt er til að setja texta á útprentaða greiðsluseðla sem gefur til kynna leiðir til þess að óska eftir því að fá eingöngu rafrænan greiðsluseðil.

Ábyrgð: Skóla og frístundasvið **Samstarfsaðilar:** Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar og fjármálaskrifstofa.

Velferðarsvið

Launamiðar

Frá velferðarsviði eru sendir út á pappírformi um 10.000 launamiðar til skjólstæðinga sviðsins í byrjun hvers árs. Ef tillaga 1. hér að ofan tekst vel til þá ætti að vera hægt að koma þessum launamiðum á rafrænt form líka. Það þyrfti líklega lengri undirbúningstíma þar sem þetta er viðkvæmari hópur.

Tillaga 11. Lagt er til að í byrjun árs 2019 verði launamiðar velferðarsviðs ekki prentaðir út og sendir heldur birtir á einhverjum af eftirtöldum stöðum: heimabanka, Island.is eða Mínum síðum á reykjavik.is

Ábyrgð: Velferðarsvið **Samstarfsaðilar:** Verkefnahópur um rafrænar póstsendingar

Samskipti við ráð og nefndir

Samskipti á milli nefnda og ráða eru bæði rafræn og á pappírformi, sama erindið er sent á báðum formum á milli. Fram að þessu hefur verið gerð krafa um að undirritaðu frumriti erindis sem lagt er fyrir nefnd/ráð berist til viðkomandi ráðs. Þegar skrifstofur sviða Reykjavíkurborgar hafa fengið samþykki fyrir rafrænni varðveislu skjala mun þetta verða óþarft.

Tillaga 12: Verkefnahópurinn leggur til að skoðað verði hvort hægt og fýsilegt sé að breyta fyrrgreindu verklagi í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar.

Ábyrgð: Skjaladeild. **Samstarfsaðilar:** Skrifstofa borgarstjórnar

Jafnhliða framlögðum tillögum leggur verkefnahópurinn til að við frekari útfærslu framangreindra tillagna verði tekið tillit til nýjunga í tækni og leitast við að nýta bestu mögulegu lausnir sem völ er á hverju sinni.



Verkefnislýsing

<p>Heiti og hlutverk verkefnahóps: <i>Verkefnahópur um Rafrænar póstsendingar hjá Reykjavíkurborg</i></p>
<p>Ábyrgðarmaður: Óskar Jörger Sandholt, skrifstofustjóri SPR</p>
<p>Hlutverk verkefnahóps um rafrænar póstsendingar</p> <ul style="list-style-type: none">Verkefni 1: Hlutverk verkefnahópsins er að kortleggja og greina alla þætti sem snúa að rafrænum póstsendingum hjá Reykjavíkurborg hvort sem það er útsendur póstur eða innanhúss. Verkefnahópurinn skal sérstaklega hafa í huga þætti sem snúa að lögfræði- tækni og þjónustu í tengslum við rafrænar póstsendingar.Verkefni 2: Stýring innleiðingar á tillögum sem hópurinn leggur fram.
<p>Helstu verkefni verkefnahóps:</p> <ul style="list-style-type: none">Greining á útsendum pósti frá skrifstofum sviða og miðlægrar stjórnarsýslu.Greining á innri pósti á milli starfsstaða Reykjavíkurborgar.Greina og kortleggja eðli útsendinga m.t.t. laga og reglna þar um.Greina tæknilegar lausnir og mögulegar hindranir við framkvæmd rafrænna póstsendingaÁframhaldandi skoðun á samstarfi við Þjóðskrá Íslands í tengslum við pósthólf á Island.isGera tillögu að framkvæmd rafrænna póstsendinga hjá ReykjavíkurborgLeggja fram tímasetta innleiðingaráætlun til samþykktarStýra innleiðingu breytinga
<p>Fulltrúar í verkefnahópi:</p> <ul style="list-style-type: none">Finnur Kári Guðnason-RPMFulltrúi frá UTDFulltrúi frá BLÖ
<p>Formaður verkefnahóps: Fulltrúi frá Skjaladeild SPR</p>
<p>Starfsmaður: Ólöf Björg Þórðardóttir</p>
<p>Ráðgjöf / samstarf: Skrifstofur sviða og miðlægrar stjórnarsýslu, Þjóðskrá Íslands, aðrir utanaðkomandi aðilar</p>
<p>Starfstímabil: Hópurinn ljúki verkefni 1 innan 14 vikna frá dagsetningu verkefnalýsingar. Hópurinn ljúki verkefni 2 innan 48 vikna frá dagsetningu verkefnalýsingar</p>

Reykjavík, 17. október 2017

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri SPR



Til sveitarstjórna

ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími:545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 8. febrúar 2018
Tilv.: ANR18010588/2.3.2

Skipaður hefur verið starfshópur til að greina möguleika og gera tillögur um uppfærslur á raforkuflutningskerfi í dreifbýli með áherslu á þrífösun rafmagns. Tvær fyrri nefndir hafa tekið málið til skoðunar og skiluðu skýrslum 2002 og 2008 sem byggðu á upplýsingum frá sveitarstjórnnum um þörf fyrir þriggja fasa rafmagn í viðkomandi sveitarfélagi. Flest sveitarfélög svöruðu erindunum og í kjölfarið var stuðst við svörin við gerð áætlana um uppbyggingu kerfisins. Nú er svo komið að um 72% af dreifikerfinu er þriggja fasa, samanborið við 47% árið 2007. Hins vegar gera áætlanir ráð fyrir að þriggja fasa dekkun verði ekki lokið fyrr en árið 2034. Ef hraða á endurnýjun og tryggja rétta forgangsröðun þá er mikilvægt að endurtaka þarfagreiningu fyrir heimili og fyrirtæki í dreifbýli. Þó er vert að taka fram að einungis um helmingur þeirra sem hafa aðgang að þriggja fasa rafmagnni hefur kosið að notfæra sér þann möguleika. Niðurstöður kannana hafa sýnt að aðilar sem mesta þörf hafa á þriggja fasa tengingu stunda ýmis konar smáíðnað, reka ferðaþjónustu en einngi hafa stórbýli þörf fyrir þriggja fasa rafmagn.

Í starfshópnum eiga eftirfarandi sæti:

Haraldur Benediktsson, alþingismaður, formaður
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, alþingismaður
Hólmfríður Sveinsdóttir, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
Sigurður H. Magnússon, fulltrúi Orkustofnunar
Sandra Brá Jóhannsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hér með er leitað aftur til sveitarstjórna í landinu og þær beðnar um að veita upplýsingar um hvar sé mest og brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn í viðkomandi sveitarfélagi og til hvaða starfsemi. Hjálagt er eyðublað sem æskilegt er að nota við skil þessara upplýsinga. Bent er á að berist ekki svar frá sveitarfélaginu getur það skekkt heildarmyndina varðandi niðurstöður vinnuhópsins. Óskað er eftir að svar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. apríl 2018. Svar má einnig senda með rafrænum hætti á postur@anr.is

Fyrir hönd starfshóps

Erla Sigríður Gestsdóttir



Borgarráð

Engjateigur 7A, afturköllun á úthlutun lóðar og sala eignarlóðar.

Óskað er eftir að borgarráð afturkalli samþykki sitt fyrir úthlutun bílastæðalóðar frá 23. febrúar 2017, til Bandaríska sendiráðsins kt. 551070-0189, Engjateigi 7A, samtals 274 fermetrar og samþykki þess í stað að selja lóðina sem eignarlóð til sama aðila gegn greiðslu kr. 22.500.000.-

Greinargerð: Borgarráð samþykkti þann 23. febrúar 2017 að leigja umrædda bílastæðalóð til bandaríska sendiráðsins og að gera lóðarleigusamning um lóðina. Ákvæði í lóðarleigusamningi Reykjavíkurborgar fyrir bílastæðalóðina eru ekki í samræmi við reglur bandarísku alríkisstjórnarinnar og hefur bandaríska sendiráðið þess vegna ekki samþykkt að skrifa undir lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg. Ameríska sendiráðið hefur því eftir tæplega eins árs viðræður samþykkt að kaupa lóðina sem eignarlóð og er það í samræmi við reglur um úrlendisrétt (friðhelgi) á lóðum sendiráða, en eignarlóð veitir sendiráðinu fullan og óskorðan rétt yfir landinu. Verð lóðarinnar miðast við meðaltal tveggja verðmata löggiltra fasteignasala.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Verðmat Borgar fasteignasölu dags. 14. september 2017.

Verðmat Eignamiðlunar fasteignasölu dags. 19. september 2017.

Tölvupóstur lögmans bandaríska sendiráðsins dags. 19.2.2018.

B O R G

F A S T E I G N A S A L A

Verðmat

Efni: Engjateigur 7, 105 Reykjavík, lóð.

Eigandi: Reykjavíkurborg.

Forsendur matsins eru eftirfarandi:

- Opinberar tölulegar upplýsingar um eignina
- Raunverð í dag, þ.e. matið tekur mið af markaðsaðstæðum. Með raunverði er átt við áætlað söliverð, en ekki ásett verð við sölumeðferð.
- Samanburður við sölur sambærilegra eigna að svo miklu leyti sem því verður við komið.
- Við verðmatið er tekið tillit til þeirra þátta sem hafa hvað mest áhrif á verðmyndun s.s. stærð og gerð, ástand, staðsetning og markaðsaðstæður.

Tölulegar upplýsingar um eignina frá Fasteignamati ríkisins:

Húsgæði:	Lóð	Stærð:	210 fm
Fasteignamat:	0	Brunabótamat:	0
Byggingarár:	0	Lóðarréttindi:	Eignalóð.

Lýsing eignar:

Lóð við Engjateig 7 í Reykjavík. Stærð lóðar er 210 fm. Ekki er byggingaréttur á lóðinni í dag. Fyrirhugað er að koma 10 bílastæðum fyrir á lóðinni. Eðlilegt verðmæti per bílastæði miðað að við að um eignalóð er að ræða og staðsetningu er að mínu mati kr. 2.000,000-

Með tilliti til framanritaðs, tel ég að eðlilegt markaðsverð framangreindrar lóðar vera **kr. 20.000.000,-**, skrifað tuttugumilljónir 00/100

Söliverðið miðast við hefðbundin greiðslukjör á fasteignamarkaði í dag, eðlilegt skekkjumat, frjálsa og óþvingaða sölu og að eðlilegur tími sé ætlaður til sölunnar. Matið er ekki ábyrgðaryfirlýsing um söliverð á nauðungaruppboði.

Verðmat þetta hefur undirritaður unnið eftir bestu samvisku og þekkingu. Verðmatið var unnið með markaðsaðferð og beitt samanburði eins og hægt er.

Reykjavík, 14. september, 2017
Úlfar Þór Davíðsson
Kt. 210273-4339
Löggiltur fasteigna,
fyrirtækja og skipasali
Úlfar Þór Davíðsson

Verðmat

Engjateigur 7A

105 Reykjavík
Bílalóð



Skráning samkvæmt Þjóðskrá Íslands:

Fastanúmer.	Mhl. Nh. Nr. Ib.	Brunabótamat	Húsmat	Lóðarmat	Fasteignamat	Flatarmál (ib. geymslu bílsk.)	Byggingarefni	Byggingargerð	Bygg.ár
2361635	01	0	0	1.625.000	1.625.000	274,0		Bílastæðalóð	

Undirritaður hefur að beiðni Eignasjóðs Reykjavíkurborgar verðmetið Engjateig 7A í Reykjavík. Samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands er hið metna 274 fm bílastæðalóð að heildarflatarmáli. Engin mannvirki eru á lóðinni. Brunabótamat eignarinnar er kr. 0,-. Fasteignamat er kr. 1.625.000,-. Fastanúmer er 236-1635 og matshluti 01. Skráður eigandi er Eignasjóður Reykjavíkurborgar kt. 621102-2220.

Um er að ræða lóð sem er á milli Engjateigs og Suðurlandsbrautar. Í dag eru engin mannvirki á lóðinni en heimild er fyrir allt að 10 bílastæðum ofanjarðar.

Forsendur


Að beiðni Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, matsbeiðanda, þá er hið metna metið eins og um eignarlóð sé að ræða.

Niðurstaða:

Áætlað söliverð er kr. 25.000.000,- skrifað krónur tuttugu og fimm milljónir oo/100.

Reykjavík 19. september 2017

Verðmat þetta byggir á sama grundvelli og um væri að ræða eign til sölumeðferðar hjá Eignamiðlun Reykjavík og nær fyrst og fremst til hugsanlegs söliverðs hins metna miðað við markaðsaðstæður í dag og að góður tími væri gefinn til sölunnar. Frávik á verðmati þessu geta verið 8%-12% til hækkunar eða lækkunar. Við rökstuðning verðmatsins er litið til ástands, stærðar, staðsetningar svo og söluhorfa.


Kjarfan Hallgeirsson B.Sc. löggiltur fasteignasali



RE: Engjateigur verðmat
Bréf: t-póstur
Málsnúmer: R16060065
Bréfalyklar: D-1232 Engjateigur 7-9
Eigandi skjals: Magnús Ingi Erlingsson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 24.02.2018
Dagsetning skjals: 19.02.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Einar Farestveit" <einar@justice.is>

Skjalalykill Móttökudags.	D-1232 Engjateigur 7-9 19.02.2018	Málsnúmer Skráð í GoPro	R16060065 24.02.2018
------------------------------	--------------------------------------	----------------------------	-------------------------

Tegund skjals Efnisorð	t-póstur	Fyrir Borgarráð
---------------------------	----------	-----------------

Sent: Sent til:

Notandi: "Einar Farestveit" <einar@justice.is>
Dagsetning: 19.2.2018 16:30:18
Til: "Magnús Ingi Erlingsson" <Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Engjateigur verðmat

Sæll,

Fínt er. Ég geri hreinlega ráð fyrir að Reykjavíkurborg muni ekki geta notað format sem ameríska ríkið notar venjulega í þessum tilfellum. Það er tiltölulega flókið format á ensku.

Get sent þér það til skoðunar ef þú vilt?

Ég þyrfti svo örugglega láta þýða formatið sem Rvík mun nota yfir á ensku.

með kveðju, Einar.

Einar Farestveit hdl. LL.M / Attorney at law | Eigandi / Partner

cid:image003.jpg@01D36869.27FE7A40

From: Magnús Ingi Erlingsson [mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is]
Sent: 19 February 2018 16:26
To: Einar Farestveit <einar@justice.is>
Subject: SV: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Gott að heyra.

Ég þarf fyrst að leggja málið fyrir borgarráð og í framhaldinu sendi ég þér drög að kaupsamningi og afsali til þess að skoða. Hann verður tiltölulega plein. Ég mun þá leggja málið fyrir næsta fund í næstu viku þ.e. annan fimmtudag héðan í frá og síðan mun ég senda þér drög til skoðunnar.

Bestu kveðjur,

Magnús

Frá: Einar Farestveit [<mailto:einar@justice.is>]
Sent: mánudagur, 19. febrúar 2018 14:30
Til: Magnús Ingi Erlingsson <Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Engjateigur verðmat

Sæll,

Jú, þakka þér fyrir skeytið.

Ég fékk um mánaðarmótin póstíft svar um að ætlunin væri að gangast í kaupin. Það hefur tafist hjá mér að taka það áfrma vegna anna.

Eruð þið með format fyrir kaupsamning, sem notast er við ?

með kveðju, Einar.

Einar Farestveit hdl. LL.M / Attorney at law | Eigandi / Partner

cid:image003.jpg@01D36869.27FE7A40

From: Magnús Ingi Erlingsson [<mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>]
Sent: 19 February 2018 13:22
To: Einar Farestveit <einar@justice.is>
Subject: SV: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Er sendiráðið hætt við að klára þetta mál? Hef ekki fengið upplýsingar eða tímalínu frá þér eins og þú ræddir um að senda.

Kveðja,

Magnús

Frá: Einar Farestveit [<mailto:einar@justice.is>]
Sent: föstudagur, 8. desember 2017 14:54
Til: Magnús Ingi Erlingsson <Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Engjateigur verðmat

Sæll, Magnús Ingi,

Síðasta sem ég vissi var að ameríska ríkið vill kaupa lóðina. Það urðu hins vegar e-r tafir í Washington við afgreiðslu málsins formlega eftir því sem mér skilst,

ég skal reyna fá ítarlegri uppl. og tímalínu hvenær samþykki væri að vænta og vera í sambandi við þig.

Ég þakka biðlundina, þetta hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir.

með kveðju, Einar.

Einar Farestveit hdl. LL.M / Attorney at law | Eigandi / Partner

cid:image003.jpg@01D36869.27FE7A40

From: Magnús Ingi Erlingsson [<mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>]
Sent: 08 December 2017 13:32
To: Einar Farestveit <einar@justice.is>
Subject: SV: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Er þetta orðið klárt þín megin þ.e. hvort sendiráðið vill kaupa eða leigja? Ef það er leigt þá verður lóðarleigusamningi ekki breytt þar sem hann er staðlaður og um hann gilda íslensk

lög.

Bestu kveðjur, best regards,

Magnús Ingi Erlingsson

lögfræðingur / Legal adviser

Reykjavíkurborg ráðhúsinu / City of Reykjavík

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar / Office of Property Management and Economic Development

Sími / Tel: 411– 4126 / 664 8994

From: Einar Farestveit [<mailto:ainar@justice.is>]

Sent: 30. október 2017 12:23

To: Magnús Ingi Erlingsson

Subject: RE: Engjateigur verðmat

sæll,

staðan er þannig að málið er enn í e-u samþykkisferli í Washington, ég vænti þess að það fari að koma niðustaða í það.

Læt þig strax vita.

bestu kveðjur ,Einar.

From: Magnús Ingi Erlingsson [<mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>]

Sent: 30 October 2017 11:57

To: Einar Farestveit <ainar@justice.is>

Subject: SV: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Hver er staðan á málinu?

Bestu kveðjur, best regards,

Magnús Ingi Erlingsson

lögfræðingur / Legal adviser

Reykjavíkurborg ráðhúsinu / City of Reykjavik

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar / Office of Property Management and Economic Development

Sími / Tel: 411– 4126 / 664 8994

From: Einar Farestveit [<mailto:einar@justice.is>]

Sent: 29. september 2017 17:23

To: Magnús Ingi Erlingsson

Subject: RE: Engjateigur verðmat

Sæll Magnús Ingi,

Ég geri ekki ráð fyrir að verða kominn með endanlegt svar fyrir hádegi á mánudag, mér var tjáð það tæki sennilega 1 viku í viðbót að koma málinu gegnum samþykkisferli í DC. Það er í gangi. Það myndi þá að öllum líkindum frestast fram í vikuna þar á eftir.

með kveðju, Einar.

From: Magnús Ingi Erlingsson [<mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>]

Sent: 29. September 2017 13:40

To: Einar Farestveit <einar@justice.is>

Subject: SV: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Á ég að leggja málið fyrir næsta fund borgarráðs?

Bestu kveðjur, best regards,

Magnús Ingi Erlingsson

lögfræðingur / Legal adviser

Reykjavíkurborg ráðhúsinu / City of Reykjavik

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar / Office of Property Management and Economic Development

Sími / Tel: 411– 4126 / 664 8994

From: Einar Farestveit [<mailto:einar@justice.is>]

Sent: 26. september 2017 11:06

To: Magnús Ingi Erlingsson

Subject: RE: Engjateigur verðmat

sæll,

Ok takk fyrir það. Ég kynni þetta fyrir sendiráðinu.

með kveðju, Einar.

From: Magnús Ingi Erlingsson [<mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>]

Sent: 26. September 2017 11:05

To: Einar Farestveit <einar@justice.is>

Subject: SV: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Tillagan verður um 22,5 milljónir fyrir lóðina.

Bestu kveðjur, best regards,

Magnús Ingi Erlingsson

lögfræðingur / Legal adviser

Reykjavíkurborg ráðhúsinu / City of Reykjavík

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar / Office of Property Management and Economic Development

Sími / Tel: 411– 4126 / 664 8994

From: Einar Farestveit [<mailto:einar@justice.is>]

Sent: 25. september 2017 16:05

To: Magnús Ingi Erlingsson

Subject: RE: Engjateigur verðmat

Sæll Magnús Ingi,

Takk fyrir sendinguna. Ég kynni þetta fyrir USG. En áður en ég geri það væri gott að vita hvaða tillaga yrði gerð í sambandi við verð, væri það þá milli 20 og 25 m = 22,5 mills?

kveðja, Einar.

From: Magnús Ingi Erlingsson [<mailto:Magnus.Ingi.Erlingsson@reykjavik.is>]
Sent: 25. September 2017 13:42
To: Einar Farestveit <einar@justice.is>
Subject: FS: Engjateigur verðmat

Sæll Einar.

Hér er matið komið frá honum Kjartani.

Bestu kveðjur, best regards,

Magnús Ingi Erlingsson

lögfræðingur / Legal adviser

Reykjavíkurborg ráðhúsinu / City of Reykjavik

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar / Office of Property Management and Economic
Development

Sími / Tel: 411– 4126 / 664 8994

From: Kjartan Hallgeirsson [<mailto:kjartan@eignamidlun.is>]
Sent: 25. september 2017 11:36
To: Magnús Ingi Erlingsson
Subject: Engjateigur verðmat

Mynd fjarlægð af sendanda.

Kjartan Hallgeirsson

Löggiltur fasteignasali

Mynd fjarlægð af sendanda.

kjartan@eignamidlun.is

Sími: 588 9090

Farsími: 824 9093

Mynd fjarlægð af sendanda.

www.eignamidlun.is

Eignamiðlun ehf. Grensásvegi 11, 108 Reykjavík

Þessi tölvupóstur ásamt fylgiefni er trúnaðarmál og aðeins ætlaður þeim sem hann er sendur til. Öll önnur notkun er óheimil og vísast til laga um fjarskipti nr. 81/2003, 5. mgr. 47. gr.

This email and any files transmitted with it are confidential and intended solely for the use of the individual or entity to whom they are addressed. If you have received this email in error please notify the system manager.

 - image001.jpg

 - image002.jpg

Skipan fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað eftirtalda í fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.

Aðalmenn:

Sigríður Lára Haraldsdóttir

Bóas Valdórsson

Sigrún Garcia Thorarensen.

Varamenn:

Kristín Lilliendahl

Guðrún Ebba Ólafsdóttir

Selma Barðdal Reynisdóttir.

Hlutverk fagráðsins er að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast.

Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi sem hefur stoð í grunnskólalögum. Menntamálastofnun hefur umsjón með fagráðinu og tekur við erindum sem beint er til þess.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga
Formenn byggingarnefnda
Byggingarfulltrúar
Framkvæmdastjórar landshlutasamtaka

Reykjavík 28. febrúar 2018

1802079SA TP
Málalykill: 00.63

Efni: Breytingar á mannvirkjalögum

Frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum hefur verið lagt fram á Alþingi og er nú til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd þingsins. Umsagnarbeiðnir hafa verið sendar út en af einhverri ástæðu eru hvorki sveitarfélögin né samtök byggingarfulltrúa þeirra á þeim lista. Sambandið mun gera athugasemd við þessa framkvæmd en jafnframt er tekið skýrt fram að öllum sveitarfélögum er frjálst að senda inn umsögn um þingmálið enda þótt ekki hafi verið óskað sérstaklega eftir því með erindi frá nefndasviði Alþingis.

Frumvarpið varðar stjórnarsýslu mannvirkjamála og hefur umtalsverða þýðingu fyrir störf byggingarfulltrúa og önnur lögákveðin verkefni sveitarfélaga á sviði byggingarmála. Sambandið hvetur alla hlutaðeigandi til þess að kynna sér frumvarpið sem og þau sjónarmið sambandsins sem rakín eru hér á eftir.

Forsaga

Með samþykkt mannvirkjalaga árið 2010 var ákveðið að faggildingarkrafa skyldi gilda við yfirferð hönnunargagna og úttektir. Gefinn var langur aðlögunartími því krafan átti að taka gildi þann 1. janúar 2018. Í lok síðasta árs var fresturinn lengdur til 1. janúar 2019 varðandi kröfu um faggildingu til að yfirfara séruppdrætti og annast úttektir og til til 1. janúar 2020 til að yfirfara aðaluppdrætti.

Ákvörðunin 2010 um faggildingarkröfu átti sér langan aðdraganda og höfðu ýmis sjónarmið komið fram í umræðunni. Í umsögn sambandsins um frumvarp það sem síðar varð að mannvirkjalögum sagði m.a.:

Raunar verður að líta á frumvarpið sem skref í átt til markaðsvæðingar byggingareftirlits. Gert er ráð fyrir að það verði ýmist framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum, sem gerð er krafa um að hafi faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Skilyrði til faggildingar verða misströng eftir umfangi mannvirkjagerðar. Hugsanlegt er að sveitarfélög muni líta á það sem raunhæfan kost að semja við löggilta skoðunarstofu um allt byggingareftirlit í sveitarfélaginu frekar en að láta eigin starfsmenn sinna þessu verkefni. Ekki er ljóst hvort slík þróun muni leiða til aukins kostnaðar fyrir byggingaraðila. Hvað sem öðru líður mun þurfa að greina kostnaðaráhrif á sveitarfélögin, sem hljótast munu af ákvæðum um faggildingu að teknu tilliti til aðlögunartíma, sbr. ákvæði (2) til bráðabirgða.

Sambandið hefur fylgt þessum sjónarmiðum eftir með eftirfarandi hætti:

- Könnun á möguleikum sveitarfélaga til þess að gera svæðisskipta rammSAMNINGA um þjónustu faggiltra skoðunarstofa
- Gerð samræmdrar fyrirmyndar að gjaldskrám byggingarfulltrúa



- Tillögu um að krafa um faggildingu eigi við um mannvirki umfram tiltekna stærðir, þ.e. að einfaldari framkvæmdir séu undanþegnar faggildingu
- Tillögu um að embætti byggingarfulltrúa sem eru með mjög landfræðilega dreifða þjónustu verði undanþegin kröfu um faggildingu

Umræddar tillögur styðjast m.a. við þau sjónarmið að í nágrannaríkjum er ekki gerð krafa um að allt byggingareftirlit sé framkvæmt af faggiltum aðilum. Í þessum löndum er talið að öryggi bygginga sé nægjanlega tryggt með ýmsu öðru móti svo sem gæðastjórnunarkerfum og úrtakseftirliti.

Þá hefur sambandið tekið þátt í kostnaðarmati vegna innleiðingar mannvirkjalaga og byggingareglugerðar. Miklar tafir í uppbyggingu skoðunarhandbóka, byggingagáttar og miðlægs gagnasafns MVS hafa hins vegar hamlað því að hægt væri að greina kostnaðaráhrif nákvæmlega. Ljóst er þó að sveitarfélögin hafa þegar orðið fyrir umtalsverðum kostnaðarauka m.a. til þess að tryggja samtengjanleika tölvukerfa.

Ætla má að stofnkostnaður vegna faggildingar nemi a.m.k. 1 m.kr. fyrir hvern aðila og að árlegur kostnaður nemi um hálfri m.kr. Ef öll embætti byggingarfulltrúa, 54 talsins, myndu afla faggildingar er ljóst að útgjaldauki vegna þess myndi hljóða upp á a.m.k. 50 m.kr. á fyrsta ári og árlegan kostnað upp á a.m.k. 25 m.kr. þar eftir.

Sérstaklega hefur verið bent á að þetta er viðbótarkostnaður sem ekki er til staðar í byggingareftirliti í dag. Við blasir að sá viðbótarkostnaður leggist að mestu leyti á byggingaraðila eins og varað er við í áður nefndri umsögn sambandsins. Þá er hætta á að húsbyggjendur þurfi að greiða meira fyrir byggingareftirlit á vegum faggiltra skoðunarstofa en fyrir hliðstæða þjónustu eins og hún hefur verið veitt af byggingarfulltrúum sveitarfélaga. Slík þróun er hins vegar í beinni mótsögn við áherslu undanfarinna ára á lækun byggingarkostnaðar og einföldun eftirlits.

Staða málsins nú

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum virðist stefna í að ekkert embætti byggingarfulltrúa muni sækja um að öðlast faggildingu til þess að yfirfara uppdrætti og annast úttektir. Ljóst má því vera að þessir þættir í byggingareftirliti fari á markað í samræmi við áformin frá 2010. Óvíst er hins vegar hversu margar faggiltar skoðunarstofur muni bjóða þjónustu sína.

Þá hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið ekki veitt skýr svör við því hvort sveitarfélög muni geta boðið út þessa þjónustu með svæðisbundnum rammamningum m.a. til þess að tryggja viðveru faggilta skoðunaraðila í landshlutum og þar með lægri ferðakostnað vegna úttekta.

Næstu skref

Sambandið telur að þau sjónarmið og varnaðarorð sem sett voru fram á sínum tíma séu enn í fullu gildi. Þannig megi telja miklar líkur á því að víðtæk faggildingarkrafa frá og með 1. janúar 2019 muni þýða aukin útgjöld fyrir bæði byggingaraðila og sveitarfélög. Af þeirri ástæðu þurfi að takmarka faggildingarkröfuna frá því sem verða mun að óbreyttu.

Í samræmi við fyrri áherslur er lagt til að tekin verði upp þrískipt flokkun á grundvelli stærðar og vandastigs (einfalt, meðalflókið, flókið):



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

- (1) Að krafa um faggildingu eigi við um mannvirki umfram tiltekna stærð og vandastig, þ.e. að einföldustu framkvæmdir séu undanþegnar faggildingu
- (2) Að embætti byggingarfulltrúa sem eru með mjög landfræðilega dreifða þjónustu verði undanþegin kröfu um faggildingu, nema vegna stærri og flóknari framkvæmda
- (3) Að sveitarfélög, eftir atvikum í gegnum landshlutasamtök, geti boðið út faggilt byggingareftirlit með svæðisbundnum rammasamningum

Undirritaður óskar eftir að þessar tillögur fái formlega umfjöllun á vettvangi sveitarstjórna og innan stjórnarsýslu sveitarfélaga og að sambandið fái upplýsingar um hvernig menn á hverjum stað telja rétt að bregðast við. Tengiliðir sambandsins vegna málsins eru þeir Guðjón Bragason sviðsstjóri og Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Phase	Mannvirki		Eftirlit		Ábyrgð - ábyrgðaryfirlýsingar		
	Gerð mannvirkis	Byggingarleyfi / Tilkynningaskylda	Opinbert eftirlit	Eigandi (ábyrgð skilgreind í lögum)	Löggiltur hönnuður (áritun teikninga)	Byggingarstjóri með starfsleyfi (undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð skilað til byggingaryfirvalda)	Löggiltur iðnmeistari (undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð skilað til byggingaryfirvalda)
	Mjög einfalt sbr. 2.3.5. gr. brgl.	EKKI byggingarleyfiseða tilkynningaskyld	Ekkert	Já sbr. 2.3.7. gr. brgl.	EKKI krafa	EKKI krafa	EKKI krafa
	Einfalt sbr. 2.3.5. gr. brgl.	Tilkynningaskilt sbr. 2.3.5. gr. brgl.	Lítið (að verk sé innan marka)	Já sbr. 2.3.7. gr. brgl.	Krafa	EKKI krafa	EKKI krafa
	Byggingarleyfisskytt en einfalt	Byggingarleyfisskytt	Lítið (áhersla á innra eftirlit) *	Já sbr. 15. gr. brgl.	Krafa	Krafa	Krafa**
	Meðalflókið	Byggingarleyfisskytt	Meðal *	Já sbr. 15. gr. brgl.	Krafa	Krafa	Krafa
	Flókið	Byggingarleyfisskytt	Meira*	Já sbr. 15. gr. brgl.	Krafa	Krafa	Krafa
			* Skilgreint í skoðunarhandbókum á grundvelli áhættumats (þarfnast ekki lagabreytinga en mátti skerpa á lögum)				** Mátti einfalda / aflétta en það krefst lagabreytinga.